

# Sóknarfæri

Desember 2024

Frumkvæði og fagmennska í íslensku atvinnulífi



Óskum starfsfólki  
í íslensku atvinnulífi  
gledilegra jóla og  
velfarnadar á komandi ári

# Oft er gleðina fyrst og fremst að finna í hinu smáa

Guðrún Karls Helgudóttir tók við embætti biskups Íslands í sumar eftir að hafa starfað sem prestur í tvo áratugi. Prestar upplifa í gegnum fólk sem leitar til þeirra bæði gleði og sorgir og þau eru mörg sem hafa ekki mikið á milli handanna og þurfa að leita á náðir annarra fyrir jólin, svo sem kirkjunnar. Guðrún ræðir einnig meðal annars um jólasíði sína.

## Of margir ná ekki endum saman

„Það eru alltof margir á Íslandi sem ná venjulega ekki endum saman og hvað þá þegar kemur að jólonum. Við viljum öll geta gefið ástvinum okkar jólagjafir og við viljum gera aðeins betur við okkur í mat á þessum árstíma. Það er ekki nógu gott að í okkar samfélagi geti ekki allar manneskur leyft sér það,“ segir Guðrún.

„Hjálparstarf kirkjunnar og söfnuðir um allt land aðstoða fólk fyrir jólin; kirkjurnar eru margar með líknarsjóði og þeir byggja líka að stórum hluta á gjöfum frá einstaklingum og alls kyns félagasamtökum. Slik samtök gefa mjög mikið til kirknanna fyrir jólin sem fer síðan í að hjálpa þeim sem eiga erfitt með að ná endum saman. En það væri miklu betra ef ástandið væri þannig að fólk þyrfti ekki að fá hjalp til þess að halda gleðileg jól.“

## Sjáum oft vonina í mestu erfiðleikum

Guðrún hefur í gegnum starf sitt hitt margna í gegnum árin sem svona er ástatt um og hefur það haft áhrif á hana.

„Það er sárt að sjá hversu margir búa við fátækt og oft er fleira sem spilar líka inn í svo sem ýmiss konar veikindi og allt verður þetta einhvern veginn svolitíð sárara og meira áberandi um jólin.“

Það sem hefur líka áhrif á liðan fólks á þessum árstíma er sú hugmynd að við eigum öll að eiga gleðileg jól með fjölskyldum og vinum. En það eiga ekki allir fjölskyldu og vini og margt fólk er einmana um jólin. Jólin geta verið sérstaklega erfið fyrir þau sem hafa misst nýlega og því er svo mikilvægt að við sjáum um hvert annað; að við tökum eftir því hvernig fólk er í kringum okkur hefur það og hvernig því liður. Hlutverk kirkjunnar á öllum tímum er að taka utan um einmitt þau sem líða til dæmis vegna sorgar og missis, einmanaleika og fátæktar. Því er það svo að í kirkjunni sjáum við þetta mjög vel. Auðvitað breytir það okkur að horfa upp á erfiðleika fólks. En það er samt sem áður einhvern veginn þannig að oft sjáum við mestu vonina þegar erfiðleikarnir eru sem mestir og eymdir verst vegna þess að þegar náunginn á erfitt þá kemur oft hjálpin úr óvæntustu áttum. Fólk á Íslandi er nefnilega yfirleitt tilbúið að styðja við hvert annað.“

## Líta upp úr símunum

Mörg börn og unglingar á Íslandi líða af ýmsum ástæðum og segir Guðrún að kirkjan geri mikið fyrir þessa einstaklinga og sé alltaf að bæta við sig þar og nefnir



■ Guðrún Karls Helgudóttir tók við embætti biskups Íslands á árinu. Hún segir desember annríkismánuð fyrir presta landsins. „Það sem ég mun leggja áherslu á þessi jólin er mennskan og þau gildi sem sameina okkur en ekki það sem sundrar okkur.“

barna- og æskulýsstarf kirkjunnar. Hún nefnir líka sorgarvinnu fyrir börn og unglínga og alls kyns sjálfstyrkingar- og eflingarnámskeið.

„Við þurfum sem samfélag að opna augu okkar fyrir því að mörgu fólki í kringum okkur, ekki síst börnum, liður illa og margir hafa það ekki nógu gott. Í því sambandi má meðal annars nefna niðurstöðu PISA-könnunar sem sýna að of mörg börn eiga erfitt með að finna til samkenndar. Harmleikir sem urðu hér á landi í sumar og í haust hafa einnig opnað augu okkar. Og barna held ég að við þurfum að vinna saman – samfélagið. Kirkjan, skólar og náttúrulega fjölskyldurnar.“ Og Guðrún segir að ein leið sé að fara að líta upp úr símunum, hvort sem það eru börn eða fullorðin fólk, og sjá hvert annað.

## Grenitré úr sveitinni

Jólin eru hátíð ljóssins, gleði og samvasta

og segir Guðrún að gleðina sé hægt að finna svo víða ef fólk leitar. „Oft er gleðina að finna fyrst og fremst í hinu smáa og hinu hversdagslega og því sem við veitum jafnvel ekki mesta athygli. Lífið þarf ekki að vera stórbrotið og það þurfa ekki að vera stórar veislur og miklir pakkar til þess að vera glöð. Gleðin felst ef til vill bara í samverunni og að finna innra með okkur að lífið snýst um eitthvað sem er miklu stærra, dýpra og meira en umbúðirnar. Og svo er það gleðin yfir því að guð birtist okkur sem lítið barn.“

Jólasíðir Guðrúnar hafa síðan hún fór að gegna starfi prests litast mjög af helgihaldi og bendir hún á að það sé sjaldan jafn mikið um að vera í kirkjunni og einmitt í desember.

„Þannig að mín jól litast mjög mikið af því og einnig adventan; ég er í einhvers konar athöfnum nánast alla adventuna og á jólonum.“ Aftansöngur nýs biskups verður í Ríkissjónvarpinu á aðfangadags-



kvöld og verður hún tekin upp fyrir fram en svo messar Guðrún í Dómkirkjunni á jóladagsmorgun og á nýársdagsmorgun.

„Það eru þó fastir liðir eins og venjulega eins og að sækja jólatré í sveitina og skreyta það síðan á Þorláksmessu, sjóða hangikjöt þann dag og fá góða lykt í húsið.“ Og svo er Guðrún von að kaupa nýja bók eftir íslenskan höfund á adventunni og lesa fyrir jólin á milli anna. Hún bakar nú orðið ekki smákökur á adventunni en hún bakar þó brúna lagköku.

## Í dag er glatt í döprum hjörtum

Fjölskyldan borðar flatkökur með nýsoðnu hangikjöti á Þorláksmessukvöld og þegar kemur að matnum á aðfangadagskvöld er enginn sérstakur réttur hafður heldur það sem hentar og þau langar í hverju sinni. „Við höfum ekki alltaf búið á Íslandi og svo hefur það einhvern tímann farið eftir því hverju við höfum haft ráð á. Ég býst við að við verðum með innbakaðar nautalundir í ár. Stórfjölskyldan er nánast öll hjá okkur á aðfangadagskvöld en maturinn byrjar ekki fyrr en eftir aftansönginn. Ég er svo vel gift; maðurinn minn sér um matinn.“

Stórfjölskyldan er alltaf hjá foreldrum Guðrúnar á gamlárskvöld og mætir Guðrún eftir aftansöng. „Þá sér pabbi minn um matinn; það eru verkefni karlanna í fjölskyldunni að sjá um matinn“.

Biskup Íslands er spurður hvert uppáhaldsjólagið sé.

„Uppáhaldsjólasálmurinn er Í dag er glatt í döprum hjörtum. Svo myndi ég segja Ó, helga nótt.“

Um fyrstu jólin sem biskup Íslands segir Guðrún Karls Helgudóttir: „Það sem ég mun leggja áherslu á þessi jólin er mennskan og þau gildi sem sameina okkur en ekki það sem sundrar okkur.“

# Sóknarfæri

Frumkvæði og fagmennska í íslensku atvinnulífi

Útgefandi: Ritform ehf.

Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson (ábm).

Umsjón og textavinnsla: Ritform ehf.

Forsíðumynd: Jólaborðið í Hafnarfirði

Hönnun og umbrot:

Guðmundur Þorsteinsson - Guddli.

Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir  
inga@ritform.is

Rafræn útgáfa á blaðinu er á [ritform.is](http://ritform.is) og [mbl.is](http://mbl.is)

Við erum líka á Facebook!



Prentun: Landsprent  
Dreifing: Íslandsþóstur

## SÉRHÆFING Í ÚTGÁFU KYNNINGARBLAÐA

Ritform ehf. sérhæfir sig í útgáfu kynningarblaða fyrir íslenskt atvinnulíf þar sem fjallað er um sjávarútveg, fiskeldi, ferðamál og fleira. Auk þess gefur fyrirtækið út sjávarútvegstímaritið Ægi og rekur sjávarútvegsfréttaveituna Auðlindina.



Gott til endurvinnslu



JÓLA-  
OG NÝARS-  
KVEÐJA TIL YKKAR  
ALLRA MEÐ ÞÖKK FYRIR  
VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER  
AÐ LÍÐA

**KAPP** ehf

VIÐ ERUM HÉR FYRIR ÞIG

SEATTLE - USA



TAKK

Íslenskur sjávarútvegur

KAPP ehf hefði ekki, án ykkar samvinnu og metnaðar, tekist að þróa og framleiða umhverfisvænar lausnir í kæli- & frystilausnum.

AKRANES

**KAPP** SKAGINN

KÓPAVOGUR



ÞORLÁKSHÖFN



GRUNDARFJÖRÐUR



VESTMANNAEYJAR



UMHVERFIS  
FRAMTAK  
ÁRSINS

**KAPP** ehf

OPTIMICE  
kæli- & frystilausnin  
hlaut  
Umhverfisverðlaun  
atvinnulífsins  
fyrir  
FRAMTAK ÁRSINS  
2024



■ Gamli Garðskagavitinn stendur ennþá keikur út við ysta haf, 127 árum eftir að hann reis af grunni. Þessi mynd er tekin áður en ljóshús var sett á vitann árið 2016 að frumkvæði Vitafélagsins.



■ Garðskagaviti er formfögur bygging, reist á þremur mánuðum árið 1944. Hönnuður vitans er Axel Sveinsson verkfræðingur og síðar vegamálastjóri.

## Garðskagaviti yngri

# Einn útvarða Íslands fagnar 80 árum

Um þessar mundir fagnar Garðskagaviti yngri 80 ára afmæli en hann var vígður 10. september 1944 að viðstöddu fjölmenni. Mannvirki þetta er hátt og tignarlegt, raunar hæsti viti landsins, 28,6 metrar á hæð. Garðskagaviti er fyrsti stóri vitinn hér á landi sem var rafvæddur og útbúinn fjölmörgum tækninýjungum. Þessi bygging er um margt sérstök og ekki spillir fyrir feegurargildið en Garðskagaviti er afar formfögur og reisuleg bygging, hönnuð af Axel Sveinssyni verkfræðingi. Og það sem mest er um vert; Garðskagaviti hefur án efa forðað mörgum skipsskaðanum og þar með bjargað fjölda mannlífa á Flösinni í gegnum tíðina.

### Löng vitasaga á Garðskaga

Fyrstu heimildir um ljósvita á Garðskaga er frá árinu 1847, en þá var þar hlaðin varða til að leiðbeina sjófarendum. Varðan var hlaðin úr grjóti og upp úr henni stóð járnstöng með leiðarmerki á. Þetta var sumsé aðeins leiðarmerki um daga og var látið duga til síns brúks í ríflega þriðjung aldar! Árið 1884 var bætt við frumstæðri handolíulugt í ljóskeri á merkið og þar með varð til vörðuviti sem lýsti um nætur með auglýstu ljóstimabili. Þetta var því annar ljósviti Íslands á eftir Reykjanesvitunum sem reistur var 1878.

Þáttaskil urðu á Garðskaga árið 1897 þegar reistur var þar ljósviti úr steinsteypu. Hann stendur enn og kallast í dag Gamli Garðskagaviti. Danska flotamálastjórnin sá um byggingu vitans sem var merkisviðburður en í byggðarlaginu voru þá aðallega fyrir torfbæir og nokkur timburhús. Vitinn er hannaður af danska verkfræðingnum Thorvald Krabbe.

Gamli Garðskagavitinn er ferstendur kónískur turn, 11,4 m há, með ljóshúsi var hann 15 m. Þakskuggið er skásett neðanvert og þynnist út á við að lóðréttri brún yst. Upp af því er steinsteyppt handrið með fram-

brún efst. Á turninum var danskt ljóshús úr steypujárni, en það var fjarlæggt árið 1944. Í vitanum eru tvö steinsteyppt milligólf og tréstigir milli hæða. Áfast við vitann var í fyrstu varðhús úr timbri, þar sem vitavörðurinn hélt til um nætur og umhverfis hann var pallur, hlaðinn úr höggnu grjóti, um 3 metrar á hæð. Árið 1933 var byggt anddyri við varðstofuna og steyppt þak yfir hana eftir teikningum Benedikts Jónassonar verkfræðings.

Í Gamla Garðskagavita var fullkomin vitalinsa og steinolíulampi í fyrstu. Ljósbrjótur magnaði ljósið og sneri lóðaklukka ljósbrjótinum. Hana þurfti að vinda upp á fjögurra klukkustunda fresti og því talið nauðsynlegt, að vitavörðurinn dveldist í varðhúsinu um nætur. Árið 1915 var sett í vitann rauður ljósgæiri yfir Bæjarskerseyri. Á síðari árum þótti ekki hættulaust að dveldjast í vitanum þegar mikið brimaði og var þá vitans gætt frá vitavarðarhúsinu, lengra uppi á landi.

Gamla vitanum á Garðskaga var lokað þegar nýr viti var byggður en vitinn hefur þó gegnt ýmiss konar hlutverki síðan þá. Á árunum 1962–1978 notaði Náttúrufræðistofnun Íslands vitann sem fuglaathugunarstöð. Í dag er hægt að leigja vitann við ýmis tilefni, til að mynda fundi eða skemmtanir. Árið 2003 var Gamli Garðskagavitinn friðaður.

### Byggður á þremur mánuðum

Nýr viti var svo byggður á Garðskaga árið 1944 og var ein höfuðástæða þess, að sjór hafði gengið mikið á landið frá því að gamli vitinn var byggður og óttuðust menn að hann yrði fljótlega landbrotinu að bráð. Bygging nýja vitans hófst 11. júní 1944 á Garðskagaflöt, um 215 metrum suðaustur af gamla vitanum og var hann reistur á tæplega þremur mánuðum.

Í nýútkomnum Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar er byggingarsögu vitans á Garðskaga lýst og þar segir meðal annars:



■ Fjölmenni var í Byggðasafninu á Garðskaga þann 10. september sl. til að fagna afmæli Garðskagavita. Ljósmynd Vegagerðin/Framkvæmdafréttir.

„Nýi vitinn var hafður lengra frá sjónum en sá eldri til að forðast landbrot og særök sem gekk jafnan yfir gamla vitann og dró þannig úr sýnileika hans þegar mest þurfti á að halda í lélegu skyggni. Slökkt var á eldri vitanum frá 28. ágúst til 7. september 1944 og ljósakrónan og ljósgjafi flutt yfir í nýja vitann. Gamli vitinn var aldrei lagður af heldur endurbýggður og hætt að nota gömlu vitabygginguna og ljóshúsið.“

Hönnuður Garðskagavita er Axel Sveinsson verkfræðingur en hann tók við sem vitamálastjóri af Emil Jónssyni 25. október þetta sama ár þegar Emil varð ráðherra í Nýsköpunarstjórninni. Vitinn á Garðskaga er sívalur turn úr járnbentri steypu með 20 cm þykkum veggjum, 23,1 metri á hæð frá palli að ljósi. Vitinn stendur á 1,5 metra háum palli og þar ofan á er 4 metra hátt enskt ljóshús. Garðskagaviti hefst því vera hæsta vitabygging landsins eða 28,6 metrar. Upphaflega var Garðskagaviti húðaður að utan með hvítu sementi og kvarsí ásamt kalksteinsalla og silfurbergsögnum til þess að losna við málningu og minnka viðhaldsþörf. Árið 1986 var vitinn kústaður með hvítu viðgerðar- og þéttiefni.

Við leyfum okkur að vitna

frekar í nýútkomnar Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar:

### Tæknibylting í vitamálum

„Garðskagavitinn nýi var fyrsti stóri vitinn hér á landi sem var rafvæddur og útbúinn fjölmörgum tækninýjungum. Rafmagnspera var notuð sem ljósgjafi fyrir vitalinsuna og til vara olíukveiklami úr gamla vitanum (1897), en hann var með tveimur kveikum sem brenndi steinolíu. Rafmagnið var fengið frá vindrafstöð sem var sérstaklega sett upp fyrir vitann, og knúði það rafmagn líka snúningsbúnað linsunnar. Henni var áður snúð með klukku og trekkanlegu sigurveki með lóðum en það var nú til vara. Ekki þurfti að draga lóðin upp nema einu sinni á sólarhring, vegna þess hve nýi vitinn var miklu hærri. Því var hægt að nota lengri reipi í reipdrifið en trekkja þurfti upp sigurvekið í gamla vitanum á 4 klst. fresti á auglýstu ljósatímabili hans. Ef þráður rafmagnsperunnar gaf sig eða vindrafstöðin gaf ekki nægt rafmagn, þá var skipt út fyrir steinolíulampann. Líklegast hefur lampinn verið festur á stöng þannig að auðvelt væri að fjarlægja hann og setja olíukveiklampann í staðinn. Önnur nýjung sem sett var í vitann á þessu fyrsta ári

hans var aukaviti fyrir rautt varúðarljós yfir Bæjarskerseyri [Bjaskerseyri] og það staðsett fyrir neðan aðalljósið á neðri hæð vitans. Gluggar á vitabyggingum eru því ekki aðeins hugsaðir til að hleypta birtu inn heldur líka til að geta verið með aukavita ef með þarf á neðri hæðum. Aukavitinn var einnig útbúinn rafmagnspera.

### Nýjungar og breytingar

Árið 1946, tveimur árum eftir að nýi vitinn var tekinn í notkun, var vindrafstöðin lögð af þegar rafmagn frá veitu var lagt í Garðinn. Ný vitalinsa og nýr ljósbúnaður með sjálfvirkum peruskípti sem skipti yfir á varaljós var sett upp árið 1960, og steinolíulampinn, ásamt snúnings- og sigurvekinu tekinn úr notkun sem vara-búnaður. Klukkan og sigurvekið sem sneru vitalinsunni með lóðum eru varðveitt á byggðasafninu í Garði og rafmagnspera eins og notuð var í Garðskagavita 1944 er til sýnis í vitasafni Hollvinsamtaka Reykjanesvita sem staðsett er í vélarhúsi Reykjanesvita. Gamla ljósa-krónan frá 1897 er til sýnis í anddyri höfuðstöðva Vegagerðarinnar í Suðurhrauni og lítur hún út eins og ný enn þann dag í dag, en linsan var notuð í Galtarvita frá 1960–1994.“

SAMHENTIR ÓSKA YKKUR GLEÐILEGRA  
JÓLA OG FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI



**Samhentir**

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ,- [sala@samhentir.is](mailto:sala@samhentir.is) - 575 8000

# Lokaáfanginn í smíði nýs hafrannsóknaskips á Spáni

Rætt við Sverri Pétursson, eftirlitsmann með smíði Þórunnar Þórðardóttur HF-300 í Vigo á Spáni

Áætlað er að Þórunn Þórðardóttir HF-300, nýtt rannsóknaskip Hafrannsóknastofnunar komi til landsins frá Vigo á Spáni síðari hluta janúarmánaðar. Smíði skipins hófst haustið 2022 en skrifað var undir smíðasamning í mars það ár við spænsku skipasmíðastöðina Astilleros Armon. Við undirritun smíðasamnings var áformað að afhending skipins yrði í október 2024 en fyrir nokkru var ljóst að hún kæmi til með að dragast um nokkrar vikur. Sverrir Pétursson, vélstjóri, er eftirlitsmaður með smíðinni á Spáni og segir allar prófanir skipins hingað til hafa lofað góðu. Hann segir Þórunni Þórðardóttur vel búið skip sem hafi sérstöðu meðal rannsóknaskipa vegna bæði búnaðar og fyrirkomulags.

## Fullbúinn togari að hluta

„Þórunn Þórðardóttir er frábrugðin öllum öðrum hafrannsóknaskipum hvað það varðar að skipið er að hluta útbúið sem fullbúinn togari jafnframt því að vera fullbúið rannsóknaskip. Útfærsla togdekkisins er tvískipt, annars vegar er bakborðshelmingur þess eins og á hefðbundnum togara, þ.e. skutrenna, pokagálgi, fiskilúga, veiðarfærarennur og grandaravindur. Stjórnborðshelmingur togdekkisins er svo helgaður rannsóknahlutanum. Aftast er A-gálgi sem notaður er til að hífa rannsóknatæki í sjóinn fyrir aftan skipið. Á miðju dekkinu er annar gálgi þar sem hægt er að hífa svipuð tæki í sjóinn út frá hliðinni. Síðan er fiskilest fyrir 25-30 tonn í skipinu sem ekki hefur tíðkast í svona skipum. Þetta skip er því geysilega fjölhæft,” segir Sverrir.

## 170 kílómetrar af rafmagnsköplum!

Þórunn Þórðardóttir er tæplega 70 metrar á lengd og rúmlega 13 metrar á breidd. Sverrir hefur langa reynslu af störfum sem vélstjóri á fiskiskipum og í eftirliti með skipasmíðum en hann var til að mynda eftirlitsmaður með smíði togarans Páls Pálssonar ÍS í Kína fyrir nokkrum árum. Sverrir segir eftirlitsvinnuna í svona verkefni áþekka og að hún snúist alltaf um að smíðin sé samkvæmt því sem lagt er upp með af hálfu verkkaupa. Á hinn bóginn viðurkennir hann að mikill munur sé á hafrannsóknaskipi og hefðbundnu togskipi af sömu stærð.

„Eitt af fjölmörgum dæmum um það er þessi mikli tæknibúnaður sem er í rannsóknaskipi af þessari stærðargræðu og bara sem dæmi þá eru um 170 kílómetrar af rafmagnsköplum í Þórunni og netkerfið sérstaklega útfært með tilliti til gagnöryggis. Enda má segja að með sama hætti og fiskaflinn er verðmæti togaranna þá eru rannsóknagögnin verðmæti svona skipa,” segir Sverrir.

## Hljódmengun í algjöru lágmarki

Í hönnun skipins var mikið lagt upp úr að hljóð frá skipinu berist sem minnst út frá því og þannig verði ekki truflun á rannsóknum af þeim sökum.

„Vélarrúmið er sérstaklega hljóðeinangrað og aflvélar skipins á púðum á stálgrind sem aftur er á púðum á vélarundirstöðum. Allar dælur og annar búnaður sem veldur hávaða er með sama hætti á púðum og þannig er allt gert til að minnka hljóðleiðni yfir í bol skipins. Skrúfa skipins er fimm blaða og fjórir metrar í þvermál í skrúfuhring. Hún er einnig hönnuð til að valda sem minnstum hávaða,” útskýrir Sverrir.



■ Sverrir Pétursson, eftirlitsmaður, með Þórunni Þórðardóttur HF-300 að baki sér í skipasmíðastöðinni í Vigo.



■ Unnið er að lokafrágangi í skipinu. Hér er eldhúsið að taka á sig mynd.



■ Hluti brúarinnar. Skipið fór í fyrstu reynslusiglingar í nóvember og framundan eru lokaprófanir í janúar.



■ Helmingur togdekkisins er útfærður eins og um hefðbundinn togara sé að ræða. Þessi útfærsla er frábrugðin því sem almennt er í hönnun rannsóknaskipa.

## Framdrifsskrúfa rafknúinn

Eins og fram hefur komið var í hönnun Þórunnar Þórðardóttur lagt upp með hagkvæmni í eldsneytisnotkun og sú nýjung er í skipinu að framdrifsskrúfa þess er alfarið rafknúinn. Hægt er raunar að sigla skipinu stutta stund á rafhlöðunum einum saman, ef þörf er á. Sverrir segir þetta dæmi um hvernig ná megi hagkvæmni með notkun á rafhlöðum í skipum.

„Almennt telja menn þó að þróunin hvað varðar orkuskipti stærri skipa verði í aðra átt en með rafmagni og rætt um aðra fljótandi orkugjafa en olíu fyrir skip af þessari stærðargræðu, þ.e. fljótandi orku-

gjafa sem er gott að geyma. Hvort það verður metanól, ammoníak eða eitthvað annað veit samt enginn ennþá,” segir hann.

Þórunn Þórðardóttir er knúinn þrenns konar aflvélum, þ.e. tveimur vélum frá Anglo Belgian Company í Belgíu sem skila annars vegar 1500 Kw og hins vegar 1000 Kw. Þriðja vélin er Volvo Penta sem skilar 420 Kw.

## Fellikjölurinn mikilvægur búnaður

Þórunni Þórðardóttur HF er ætlað að leysa hið aldna rannsóknaskip Bjarna Sæmundsson af hólmi en nýja skipið er líkt

og hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson búið fellikili sem hægt er að slaka 4 metra niður fyrir skipið. Þegar fellikjölurinn er uppi nær hann upp undir brúargólf skipisins.

„Þetta er enn eitt dæmið um búnað sem miðar að því að gera aðstæður til rannsókna sem bestar en með þessu móti er hægt að sökkva rannsóknabúnaðinum niður fyrir loftbólurnar sem alltaf koma í sjónum þegar skip eru á siglingu. Á fellikilinum eru líka botnstykki skipins og hægt að vinna við þau innan úr skipinu þegar kjölurinn er uppi, sem sparar upp-töku skipins í slipp til að vinna við botnstykki ef á þarf að halda,” segir Sverrir.

## Lokaprófanir á rannsóknabúnaði í janúar

Sem fyrr segir gengu fyrstu siglingaprófanir Þórunnar Þórðardóttur samkvæmt væntingum í nóvember en Sverrir segir að þær haldi áfram nú á síðustu vikum smíðatímans.

„Auk mín hafa vélstjórar skipins verið hér úti í Vigo síðustu mánuði en ég reikna með að fleiri af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar bætist síðan í hópin þegar farið verður úr ítarlegri prófanir á rannsóknabúnaði skipins eftir áramót. Ef ekkert óvænt kemur í ljós nú í lok árs og upp úr áramótum þá ætti afhending skipins að geta orðið síðari hluta janúar og Þórunn Þórðardóttir HF haldið heim til Íslands,” segir Sverrir.

# HJÁ ÍSRÖR FÆRÐU INNTAKSPÉTTI FRÁ KRASO<sup>®</sup>

EINFACH+DICHT

Óskum landsmönnum  
gleðilegra jóla og  
farsældar á árinu 2025



**NÝTT**

INNTAKSPÉTTI FYRIR  
KJARNABORAÐ OG RÖR



VERK UNNIÐ Á ÍSLANDI INNTAKSPÉTTI  
OPIN OG SETT EFTIRÁ

FJÖLPÉTTI  
FYRIR STRENGI.


INNTAKSPÉTTI FYRIR BROTIN  
EÐA ÓREGLELEG GÖT

## NÝ GERÐ HITAVEITURÖRA HJÁ ÍSRÖR FIBREFLEX 10 BAR OG 16 BAR

- FIBREFLEX RÖR FÁST Í RÚLLUM 25 – 160 MM
- MEIRA HITAPOL, VINNSLUHITI UPP Í 95°
- FIBREFLEX NÚ FÁANLEGT Í RÚLLUM 25 – 160 MM
- PE KÁPA RIFFLUÐ

**RK** Radius - Kelit  
Infrastructure

FIBREFLEX PIPE  
CONSTRUCTION



**NÝTT**

HRINGHELLA 12 | 221 HAFNAFJÖRÐUR | SÍMI 565 1489  
FARSÍMI 894 5955 | ISROR@ISROR.IS | WWW.ISROR.IS

**ÍSRÖR**



■ Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

# Orkumál, stöðugleiki og samkeppnishæfni

Árið sem er að líða er búið að vera viðburðaríkt og má nefna gerð langtímasamninga snemma á árinu sem höfðu að markmiði efnahagslegan stöðugleika og alþingiskosningar í árslok. Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að ekki verði hjá því komist að ræða um orkumál þegar kemur að því að byggja undir enn frekari verðmætasköpun í landinu.

## Lækkun vaxta og minni verðbólga stóra hagsmunamálið

Sigríður Margrét segir að þetta sé heldur betur búið að vera viðburðaríkt ár. „Það má segja að árið sem er að líða hafi borið með sér ákveðin kaflaskil á íslenskum vinnu- markaði vegna þess að við náðum í upphafi ársins langtímasamningum fyrir efnahagslegan stöðugleika og gerðum fjögurra ára kjarasamninga, stöðugleikasamninga, með þau markmið að ná niður verðbólgu og skapa skilyrði fyrir vaxtalækkunum. Síðan þeir voru gerðir höfum við séð að verðbólgan hefur minnkað og vaxtalækkunarferillinn er þegar hafinn. Þetta er eitt mikilvægasta hagsmunamálið bæði fyrir okkar félagsmenn og líka fyrir íslensk heimili. Við sáum þetta til dæmis speglast mjög vel í nýafstöðum alþingiskosningum



■ „Til þess að við getum séð verðmætasköpun dafna verður Ísland að vera samkeppnishæft og það er svo mikilvægt fyrir okkur öll að muna að verðmætasköpun í atvinnulífinu er einmitt það sem stendur undir velferðinni.“



þar sem kosningabaráttan fjallaði að miklu leyti um efnahagslegan stöðugleika og jafnvægi í ríkisfjármálum. Flestir þeir flokkar sem núna eiga fulltrúa til setu á Alþingi stefndu að eða vildu sjá hallalausan ríkisrekstur árið 2026 og við berum þess vegna auðvitað þá von í brjósti að við höldum áfram á réttri leið. Það er samt mikilvægt að hafa í huga að stöðugleiki er ekki nóg; við verðum líka að passa upp á verðmætasköpun. Og til þess að við getum séð verðmætasköpun dafna verður Ísland að vera samkeppnishæft og það er svo mikilvægt fyrir okkur öll að muna að verðmætasköpun í atvinnulífinu er einmitt það sem stendur undir velferðinni.“

#### Hagkerfið er að kólna

Sigríður Margrét segir að mikilvægt sé að fólk missi aldrei sjónar á þeim verðmætum sem öflugt atvinnulíf færir því og að við áramót blasi við sú staða þegar horft er til skemmri tíma að hagkerfið er á ákveðnum vendipunkti.

„Hagkerfið er að kólna. Framleiðni í atvinnulífinu hefur verið að dragast saman á árinu og þessi staða sem birtist okkur í hagtolunum rímar líka mjög vel við upplifun þeirra sem eru í fyrirtækjarekstri. Við gerum reglulega mælingar og kannanir á meðal félagsmanna okkar og stórra fyrirtækja og við sáum í haust að fleiri töldu aðstæður í efnahagslífinu vera slæmar en

góðar. En horft fram á veginn þá eru stjórnendur bjartsýnni. Yfirgnæfandi meirihluti forsvarsmanna stórra fyrirtækja á Íslandi telur að það sé nægt framboð af starfsfólki í fyrirtækjum sínum og í hagtolum er gert ráð fyrir að atvinnuleysi komi til með að aukast aðeins á næsta ári.“

#### Höfum allt sem þarf

Sigríður Margrét segir að þegar horft sé til lengri tíma sé Ísland í öfundsvörðri stöðu og að við Íslendingar búum í rauninni að öllu sem þarf.

„Þegar ég segi þetta er ég að tala um langtímahorfur í atvinnulífinu og lang-

tímahorfur til verðmætasköpunar. Og við höfum í rauninni allt sem þarf til þess að byggja undir og snúa þessari stöðu sem birtist okkur í stöðnun í hagkerfinu á þessu ári yfir í næsta vaxtarskeið landsins. Þessar langtímahorfur sem ég er að vísa til snúa að því að við erum hlutfallslega ung þjóð, við erum að vaxa, við erum með nægar auðlindir, bæði grænar orkuauðlindir en einnig náttúruauðlindir og mannaúðinn. Við erum með mjög vel fjármagnað lífeyriskerfi sem er ein af mikilvægustu stöðunum í samfélaginu okkar, við erum með mikinn jöfnuð, við erum með meira jafnrétti kynjanna heldur en þekktist víða annars staðar og við »

## Hamingjurík jól framundan

Og hvernig eru svo jólin hjá framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins? Sigríður Margrét segist vera svo lánsöm að eiga tengdamóður á Akureyri sem sendi fjölskyldunni nokkrar smákökuskortir fyrir hver jól. Hún segir að í huga sínum séu jólin fyrst og fremst tími fjölskyldunnar og samveru, tími barnanna. Jólin eigi að vera einföld og snúast um kærleika. „Það er bara eitthvað svo ápreifanlega hátíðlegt þegar fjölskyldan sest við matarborðið á aðfangadagskvöld.“

Faðir Sigríðar Margrétar var prestur og var alltaf farið í messu á æskuárunum. Í dag er hlustað á messuna á aðfangadagskvöld í útvarpinu.

Sigríður Margrét á tvo syni með eiginmanni sínum og þessi jól verða svolítið öðruvísi vegna þess að tengdadóttir þeirra borðar með þeim og svo er Sigríður Margrét orðin amma. „Ég hugsa að fjölskylduhjartað eigi eftir að springa úr hamingju þessi jólin.“

Borðuð var rjúpa á aðfangadagskvöld á æskuheimili Sigríðar Margrétar. Hún er von að steikja eina til tvær rjúpur fyrir sig á aðfangadagskvöld en annars hafa feðgarnir borðað hamborgarhrygg. „Það hvarflar ekki að mér að borða nokkuð annað en rjúpu ef ég fæ hana.“ Hangkjöt er síðan í matinn á jóladagskvöld eða á annan í jólum.“



■ „Ég hugsa að fjölskylduhjartað eigi eftir að springa úr hamingju þessi jólin,“ segir Sigríður Margrét.

**TEMPRA**  
einangrun – umbúðir

*Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári*

*Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða*

  
**TEMPRA**  
einangrun – umbúðir

TEMPRA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • [tempra@tempra.is](mailto:tempra@tempra.is) • [www.tempra.is](http://www.tempra.is)

Hluti af  rotovia



■ Sigríður Margrét á sínum starfsvettvangi. „Hagkerfið er að kólna. Framleiðni í atvinnulífinu hefur verið að dragast saman á árinu og þessi staða sem birtist okkur í hagtölunum rímar líka mjög vel við upplifun þeirra sem eru í fyrirtækjarekstri.“



■ Orkuöflun segir Sigríður Margrét að sé lykiltríði þegar horft er til næstu ára á Íslandi. „Ísland er eitt grænasta verðmætasköpunarlandið í heiminum og hagkvæm orka er lykillinn að næsta vaxtarskeiði landsins.“

erum með meiri tekju- og eignajöfnuð heldur en flestar þjóðir. Ef við ætlum að leggja grunn að næsta vaxtarskeiði Íslands þá er mikilvægt að það verði horft til stöðugleikans, orkunnar og samkeppnishæfni.“

Sigríður Margrét segir að til að leggja grunninn að næsta vaxtarskeiði landsins og til þess að verðmætasköpunin geti dafnað þurfi í fyrst og fremst að huga að stöðugleika og á hún þá við jafnvægi í ríkisfjármálum, á vinnumarkaði og á hús-næðismarkaði.

#### Hagkvæm orka lykillinn

Sigríður Margrét segir að ekki verði hjá því

”

Það er samt mikilvægt að hafa í huga að stöðugleiki er ekki nóg; við verðum líka að passa upp á verðmætasköpun.“

komist að ræða um orkumál þegar kemur að því að byggja upp enn frekari verðmætasköpun í landinu.

„Orka er undirstaða hagsældar og við sköpum engin verðmæti án orku. Það er mjög sterk fylgni á milli orkunotkunar þjóða og landsframleiðslu og þau lönd sem búa við næga hagkvæma orku standa fremst meðal þjóða þegar kemur að lífskjörum; þau eru með hvað hæstu landsframleiðslu á mann. Og Ísland er þar engin undantekning. Orkan er í rauninni undirstaða verðmætasköpunar. Allur heimurinn stefnir í átt að kolefnishlutleysi og við vitum að stærsti áhrifavaldur losunar gróðurhúsalofttegunda er orkunotkun og stærsta loftslagsverkefni okkar á heimsvísu er orkuskipti en ekki að draga úr orkunotkun. Því skiptir máli að við höldum áfram að vinna í að auka græna og hagkvæma orkuframleiðslu. Ísland er eitt grænasta verðmætasköpunarlandið í heiminum og hagkvæm orka lykillinn að næsta vaxtarskeiði landsins.“

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á árinu 2025

## Reimalausnir fyrir alla flutninga



Sterkbyggðu M5085 böndin eru einstaklega þrífavæn



Erum sterk í öllum matvælaböndum hvort sem er á sjó eða landi



Lestarbönd í miklu úrvali



**GÚMMÍSTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.**

# LOFTPRESSUR & VATNSDÆLUR

FYRIR FLEST VERKEFNI  
DYNJANDI.IS



Kíktu í vefverslun okkar DYNJANDI.IS  
til að sjá möguleikana eða hafðu samband og  
fáðu faglega ráðgjöf hjá starfsfólkinu okkar.



Skeifunni 3h · Sími: 588 5080 · dynjandi.is



■ Básar á Goðalandi er heimahöfn Útivistar og þar verður á næstu Jónsmessu slegið upp miklum afmælisfagnaði.

Útivist 50 ára

# Hjartað slær í Básam á Goðalandi

Ferðafélagið Útivist fagnar 50 ára afmæli sínu á næsta ári en stofnfundurinn var haldinn 23. mars 1975 í Reykjavík. Fyrsta ganga Útivistar var á Keili hinn 6. apríl sama ár og allar götur síðan hefur verið farin afmælisganga á fjallið. Verður engin undantekning frá því á afmælisárinu en nú verður boðið upp á afmælisösku og kakó fyrir þátttakendur. „Við munum með margvíslegum hætti halda upp á afmælið á næsta ári og flétta það inn í fjölmarga dagskrárlíði. Ætli megi ekki segja að hápunkturinn verði á Jónsmessunni þegar Útivist boðar til fagnaðar í Básam þar sem lögð verður áhersla á útiveru, gleði og gaman. Við ætlum að fagna 50 ára afmælinu og gera það með stæl,” segir Hörður Magnússon, framkvæmdastjóri Útivistar í samtali.

## Hápunkturinn í Básam

„Þegar haldið er upp á stórafmæli er við hæfi að slá upp veislu og bjóða heim. Fyrir okkur í Útivist er enginn staður betur til þess fallinn en svæðið okkar í Básam á Goðalandi. Aðfaranótt 21. júní í sumar verður að venju boðið upp á hina árlegu Jónsmessunætur göngu Útivistar frá Skógum og þegar komið er í Básu að lokinni göngu gefst færi á að slaka á í dásamlegu umhverfi eftir útiveru næturinnar. Þeir sem vilja taka því heldur rólegar geta gíst á leiðinni í Fimmvörðuskála og rölt niður í hátíðahöldin í Básam daginn eftir. Einnig getur fólk ekið beint inn í Básu og hafið samveruna á rólegu föstudagskvöldi. Á laugardegnum verður boðið upp á dagsögngur við allra hæfi, bæði stuttar og fjölskylduvænar, sem og lengri ferðir. Um kvöldið tekur svo margrómuð Útivistargleðin völdin þegar allir hóparnir hittast, slegið verður upp afmælisgrillveislu og varðeldur tendraður.

„Fleira get ég nefnt sem tengist afmælinu í dagskrá næsta árs. Í tilefni 15 ára afmælis Útivistar árið 1990 var efnt til raðgöngu frá Reykjavík í Básu sem enn er í minnum höfð. Í ár endurtökum við þennan viðburð og ætlum að ganga þessa leið í 10 áföngum. Við hefjum leik í janúar og síðasta gangan endar í Básam á fyrrnefndri afmælishátíð á Jónsmessu. Leiðarlýsing og áfangar miðast við aðstæður og geta breyst en allar upplýsingar um þessar göngur verða á heimasíðunni innan tíðar,” segir Hörður.



■ Hörður Magnússon, framkvæmdastjóri Útivistar. Hann segir margvísleg hlunnindi fylgja því að vera skráður félagsmaður í Útivist.



■ Keilir er einkennisfjall Reykjaness. Ef guðirnir lofa verðir venju samkvæmt arkað á Keili næsta vor eins og Útivist hefur gert árlega frá stofnun félagsins.

## Spennandi vísindapakkar

Í 50 ára starfi Útivistar hefur gjarnan verið blandað saman góðum gönguferðum og skemmtilegri fræðslu. „Í tilefni afmælisins efnir Útivist í samstarfi við Hið íslenska náttúrufræðifélag til fimm skemmtilegra og fræðandi vísindaferða. Farið verður á eigin bílum á valda staði í nágrenni höfuðborgarinnar og staðsetning valin eftir aðstæðum. Sérfræðingar frá HÍN verða með í för og fræða þátttakendur um ýmis undirnáttúrunnar. Sumar ferðirnar eru mjög hentugar sem fjölskylduferðir og við vekjum athygli á að í þessar ferðir verður frítt fyrir börn og unglinga upp að 17 ára aldri. Fyrsta ferðin er áætluð 12. apríl þar

sem verður hugað að jarðfræðinni en síðan taka við ferðir þar sem fjallað verður um fuglaskoðun, grasafraði, sveppi og lífríki fjörunnar.“

## Eldgjáin endilöng

Hörður nefnir einnig að í tilefni 50 ára afmælis Útivistar verði í ágúst farin afar spennandi afmælisferð eftir endilangri Eldgjá frá norðri til suðurs. „Eldgjá er 40 km löng og myndaðist í risagosi árið 939 en gjáin er eins og allir vita eitt af mestu náttúruundrum landsins. Margir kannast við hana þar sem hún sker Fjallabaksleið nyrðri en fáir hafa skoðað hana endilanga. Hér gefst einstakt tækifæri til að skoða í

## Er Útivistargírinn eitthvað fyrir þig?

Fjölmargir hafa tekið sín fyrstu skref í útivist og fjallgöngum með Útivistargírnum þar sem saman koma nýliðar og reynsluboltar í útivistinni. Um er að ræða kvöldgöngur sem eru hugsaðar fyrir byrjendur í útivist. Þær henta flestum þeim sem geta hreyft sig með góðu móti sem og nýliðum í útivist og hvetjum við einnig þá sem vanari eru göngum að taka þátt með okkur.

Dagskrá Útivistargírsins vorið 2025 hefst í apríl og lýkur í maí. Haustdagskrá er í ágúst og september. Í kvöldgöngum er farið yfir grunnatriði í útivist og gönguferðum og fjölbreytt starfsemi Útivistar kynnt, en þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Gönguleiðirnar eru fjölbreyttar og er tekið mið af veðri og færð hverju sinni. Í tilefni afmælisársins mun Útivist bjóða almenningi að taka þátt – öllum að kostnaðarlausu!

návigi þetta stórbrotna landslag í fylgd fararstjóra sem þekkja svæðið eins og handarbakið á sér. Gist verður í huggulegum skálum Útivistar á leiðinni. Þetta er fjögurra daga trússferð sem hefst við Ljónstind og endar við Öldufell í suður-enda gjárinna. Þaðan verður ekin Öldufellsleið með göngumenn niður á Mýrdalsand og heim.“

## Félagsmönnum fjölgar

Félagsmönnum í Útivist fjölgar jafnt og þétt, enda margar góðar ástæður til að gerast félagi. Fyrir marga dugar sú ágæta ástæða að Útivist er félag sem vinnur að því að auka möguleika almennings á að ferðast um okkar fallega land. Aðrir hafa ánægju af starfinu, taka þátt í sjálfböðuvinnu á vegum félagsins og njóta þess að vinna að margvíslegum verkefnum í góðum félagsskap. Ýmis hlunnindi fylgja því að vera félagi í Útivist og er nánar fjallað um þau á vefsíðu félagsins.

utivist.is

# Gleðilega hátíð

Óskum viðskiptavinum okkar  
og landsmönnum öllum  
gleðilegra jóla og farsældar  
á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu.



# RUBIX

rubix.is / Dalvegur 32a / Kópavogi / s: 522 6262

# Hætta saltfiskútflutningi og einbeita sér að heimamarkaði og ferðapjónustu

„Staðan hjá okkur er þannig að við höfum hætt útflutningi á saltfiski og einbeitum okkur að markaði innanlands, seljum í verslanir og veitingahús hér á landi og höfum að auki opnað litla verslun hjá Ektafiski á Hauganesi. Þar bjóðum við allar okkar fiskvörur og munum bæta við úrvalið þegar ferðafólkið fer á stjá með vorinu,“ segir Elvar Reykjalin framkvæmdastjóri Ektafisks á Hauganesi. Þar urðu talsvert umskipti nýverið þegar breytt var um stefnu og hætt að verka saltfisk til útflutnings. Fiskbúðin býður upp á fjölbreytt úrval en nýjasta varan er Gullkístan, þurrkaður saltfiskur í fallegum gjafaumbúðum og með fylgja leiðbeiningar um útvötnun. „Þetta er kjörin gjöf fyrir vina og vandamanna í útlöndum,“ segir hann. Auk þess sem fiskur er í boði ætlað Elvar að bjóða upp á teikningar af fólki og fjölskyldumeðlimum.

## Löng saga vinnslu og útflutnings

Fyrstu pakkningar frá Ektafiski ehf. fóru á markað í janúar árið 1991 og segir Elvar að vörur frá fyrirtækinu hafi víða verið inni í verslunum og á veitingastöðum allar götur síðan þá. „Það voru tveir starfsmenn í hálfu starfi hjá okkur til að byrja með en svo fór starfsemin vaxandi og hin síðari ár voru 14 til 16 starfsmenn á launaskrá hjá fyrirtækinu þegar mest var yfir sumarið,“ segir hann.

„Við byrjuðum að þreifa fyrir okkur á Spáni árið 1996 og opnuðum það ár litlar frystivörubúðir með fisk frá okkur bæði í Madrid og Barcelona. Þegar mest var umleikis hjá okkur fluttum við út um 300 tonn af fullunninni vöru til Spánar.“

## Erfitt að vera kvótalaus

Um tíma var Ektafiskur með afurðir sínar inni í stórrí verslanakeðju á Spáni og síðar bættist útflutningur til Ítalíu við „og á tímabili fluttum við flattan saltfisk til Portúgal í gámapis við mikla hrifningu kaupenda. Við höfum átt ákaflega góða viðskiptavini í öllum þessum löndum og höldum sambandi við suma þeirra. Ég er enn að fá hringingar frá ýmsum þeirra sem biðja um þó ekki væri nema einn gám,“ segir Elvar sem kynnst hefur afbragðs fólki, bæði utan- og innanlands sem og segir það einn mesta auð sem hlotnist í lífinu að kynnast svo góðu fólki.

## Innanlandsmarkaður í aðalhlutverki

Elvar segist fúslega viðurkenna að útflutningur á fullunninni vöru hafi verið gríðarlega erfiður og þá einkum vegna þess að fyrirtækið var háð því að kaupa fisk á markaði. Síðustu ár hafi fiskverð hækkað verulega.

„Ég get glaðst yfir því fyrir hönd sjómanna, hafandi verið sjómaður í 25 ár. Þeir eiga allt gott skilið en fyrir kvótalaus fiskvinnslu eins og okkar er áhættan mikil. Maður er aldrei viss um að geta staðið við gerða samninga sem ná nokkra mánuði fram í tímann. Óvissan er svo mikil. En við munum halda áfram að framleiða saltfisk sem og ýmsar aðrar gerðir af fiski og einbeita okkur að innanlandsmarkaði. Þar erum við með ákaflega trausta og góða viðskiptavini sem standa með okkur í gegnum þykkt og þunnt.“

## Litlu fiskverkanirnar að hverfa

Elvar steig fyrstu skrefin í saltfiskvinnslu með pabba sínum aðeins 10 ára gamall. Hann man þá tíð að um 30 litlar fjölskyldu-saltfiskverkanir voru við Eyjafjörð. Nú stendur Ektafiskur eitt eftir í hefðbundinni saltfiskvinnslu.

„Það sýnir kannski best hversu erfitt er að reka fyrirtæki í þessari grein. Ég segi stundum að í mínu tilvikum sé um ákveðna greindarskerðingu að ræða sem hefur



■ Ektafiskur byggir á langri sögu og hér er myndaveggur þar sem Elvar Reykjalin er m.a. að skera hákarl.



■ Sigmar afastrákur er hér í vinnslunni og er fimmta kynslóðin sem kemur við sögu í rekstrinum.



■ Elisabet sölustjóri við kælinn.

valdið því að ég er enn að basla í þessu en mér hefur bara alltaf þótt svo óskaplega gaman að vinna í fiski. Þó ég verði 70 ára á árinu þá hlakka ég enn til á hverjum morgni þegar ég fer til vinnu í fiskverkuninni,“ segir Elvar og bætir við að hann hafi líka átt því láni að fagna að hafa með sér afbragðs gott fólk. Allir dagar byrja á brandaratíma áður en vinna hefst sem lyftir sálinni upp.

Litlar fiskverkanir eru smám saman að hverfa um land allt, rekstrargrundvöllur horfinn enda standa þær að sögn Elvars

stórum kvótamiklum og tæknilega fullkomnum fiskvinnslum ekki snúning. „Það eina sem ef til vill myndi tryggja áframhaldandi starfsemi litilla fiskverkana í þorpum landsins væri ef þeim yrði úthlutað nokkrum tonnum af kvóta sem þær gætu látið veiða fyrir sig. Mér finnst það dapurleg framtíðarsýn að þessar litlu fjölskylduvinnslur hætti starfsemi hver af eftir annarri. En sumum þykir það bara allt í góðu lagi.“

## Andvökunætur

Elvar segir að fyrir um áratug hafi hann séð fram á að Ektafiskur færi í þrot líkt og aðrar fiskvinnslur af svipaðri stærð allt í kringum landið.

„Ég átti ansi margar andvökunætur á þeim tíma enda þykir mér afskaplega vænt um litla þorpið mitt. Hvert starf á svona litlum stað er mjög mikilvægt,“ segir hann en andvökunæturnar skiluðu því að hann tók þá ákvörðun að færa sig meira yfir í ferðapjónustu sem var að aukast mjög og á þeim tíma var talsvert rennsli af ferðamönnum um Hauganes til að fara í hvalaskoðun. Þar er elsta starfandi hvalaskoðun landsins starfrækt, þriðja kynslóðin hefur tekið við og rekur fyrirtækið með glæsibrag. Mikil aukning hefur orðið þar á bæ enda orðspor fyrirtækisins gott og alla jafna stutt að fara til að sjá hval.

„Það voru auðvitað engir peningar til þannig að við tók botnlaus vinna við að koma upp veitingahúsinu Baccalá Bar, tjaldsvæðinu rétt við þorpið og heitu pottunum í Sandvíkurfjörð en þeir hafa frá upphafi verið mjög vinsælir,“ segir Elvar. Hann naut þess að hafa Hafstein bróður sinn með í því verki og smiðinn Elías og kveðst eiga þeim mikil að þakka að uppbygging tókst eins vel og raun ber vitni.

## Fjöruböðin opna mikla möguleika

Á liðnu ári fékk Elvar svo til liðs við sig aðila sem munu leggja honum lið við að byggja upp glæsileg fjöruböð á Hauganesi, 40 herbergja hótél og 30 smáhýsi sem verða staðsett í brekku skammt ofan við tjaldsvæðið.

„Við erum einkar vel staðsett, hér við miðjan Eyjafjörð þar sem gott er að vera hvort heldur sem er um sumar eða vetur. Þessi staðsetning hentar ferðafólki mjög vel.“ Elvar segir að sárlega hafi skort aukna gistimöguleika á svæðinu þannig að fólk hafi ástæðu til að staldra lengur við. Þegar Fjöruböðin verða komin upp hafi ferðafólk sannarlega ástæðu til að dvelja lengur, en böðin verði góð viðbót við önnur álíka böð sem eru víða um land. „Við höfum þá sérstöðu að fólk getur farið úr böðunum, niður í fjöru og fundið sandinn á milli tanna, hlaupið út í norður Atlantshafið og skellt aftur í heit böð. Þetta verður alveg magnað,“ segir Elvar.

ektafiskur.is



Hugmyndalandið

# Gleðilega hátíð og farsælt komandi ár

Með hugmyndum búum við til verðmæti og öflugan iðnað sem bætir lífskjör okkar allra. Samtök iðnaðarins óska félagsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.



■ Starfsfólk Skógræktarfélags Eyfirðinga og Skógræktarinnar á Vöglum í Fnjóskadal með nokkur vel valin rauðgrenitré sem alltaf njóta vinsælda meðal landsmanna. Hér eru þau Sigurður Ormur, Ólöf, Benedikt, Huldar og Bergsveinn.

# Hafa selt íslensk jólatré í 70 ár

Sala jólatrjáa hefur um árabíl verið mikilvægur liður í að fjármagna starfsemi Skógræktarfélags Eyfirðinga en félagið hefur sett fallegan svip á samfélagið í Eyjafirði. Félagið selur um 1.200 tré að jafnaði á

aðventunni en tvær helgar á þeim tíma er fólki boðið að höggva sitt eigið jólatré í Laugalandsskógi. Sá viðburður nýtur vaxandi vinsælda. Annar viðburður, jólaball undir berum himni í Kjarnaskógi, dregur

einnig að sér mikinn fjölda fólks. Skógurinn er vel nýttur á öllum árstímum en gönguskiðafólk er áberandi yfir vetrartímann.

Ingólfur Jóhannsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélags

Eyfirðinga segir sölu jólatrjáa hafa farið vel af stað nú í ár. „Jólatrén eru gjarnan sú skógarafurð sem fyrst skilar skógar eigenda tekjum og hjá okkur hafa jólatrén verið okkar mikilvægasti liður í að fjármagna

okkar starfsemi,” segir hann. Félagið á að baki langa sögu þegar kemur að sölu á jólatrjá en það var fyrir jóln árið 1953 sem félagið bauð í fyrsta sinn lifandi jólatré og greinar til sölu. „Í þá tíð var jólatrjáahefðin reyndar búin að stíga sín fyrstu skref, hrífusköft skreytt með birki eða einigreinum, smíðuð af hagleiksfólki, voru víða til en voru ekki endilega hefðbundin í jólahaldi Íslendinga.“

## Eyfirðingar annálaðir fyrir skynsemi og varkárni!

Þetta fyrsta ár bauð félagið upp á 25 sígræn tré sem ýmist voru höggvin í heimabyggð eða fengin annars staðar frá. Þá voru boðnar til sölu greinar sem talsvert var klippt af í Vaðlareit og Grundarskógi. „Við Eyfirðingar sem eru annálaðir fyrir skynsemi og varkárni þegar kemur að nýjum viðskiptum létum þetta gylliboð ekki glepja okkur. Skemmst er frá því að segja að um helmingur jólatrjáanna eignaðist nýtt heimili og greinarnar seldust upp. Þannig var lagður grunnur að eyfirskrí jólahefð,” segir Ingólfur.

Að jafnaði selur Skógræktarfélag Eyfirðinga um 1.200 íslensk jólatré sem öll koma af heimamarkaði, eru framleidd án eitrefna, kolefnissporið er í lágmarki. „Sum trjáanna ræktum við sjálf en að auki eru um 10 skógarbændur á svæðinu sem aðstoða okkur við að bjóða gott úrval á íslenskum jólatrjám. Við seljum ekki innflutt tré en með þeim geta borist alvarlegir trjásjúkdómar sem herja víða í Evrópu og við viljum alls ekki að berist inn í okkar skóga.“

# GLEÐILEGA HATÍÐ

OG TAKK FYRIR SAMSTARFIÐ Á ÁRINU



**UMBÚÐAMIDLUN**

555 6677 | umb.is | Korngórdum 5, Reykjavík



**Þjóðum okkar vöru með stolti**

Ingólfur segir talsverða samkeppni ríkja á markaði. Dreigið hafi úr innflutningi hin síðari ár, íslensku trén halda sjó en vísendingar séu um að plastjólátré sæki í sig veðrið í stofum landsmanna. „Við sjáum dæmi þess að stórmarkaðir bjóði lífandi jólátré á verði sem er undir innkaupsverði til að laða til sín viðskiptavinum. Við kvörtum ekki, bjóðum stolt upp á okkar vöru og reynum að þjóna okkar viðskiptavinum sem best.“

**Leita að draumatrénu**

Tvær síðustu helgarnar fyrir jól býðst fólki að koma í Laugalandsskóg og höggva eigið jólátré og er það hefð sem margar fjölskyldur hafa tekið upp. Þá nýtur fólk útivistar saman, velur draumajólátréð, oft eftir miklar bollaleggingar og samningaviðræður. Sala jólátrjáa í bæki-stöðvum SE í Kjarnaskógi hefst í byrjun desember og þar er í boði úrval jólátrjáa, eldivíður, greinar og smávarningur.

Ingólfur nefnir að einn besti jólaviðburður félagsins sé jólaballið sem félagið standi fyrir á Birkivelli í Kjarnaskógi og nú í þriðja sinn. Þar er dansað í kringum jólátré á torginu við grillhúsið, eldri borgarar leiða dans við undirleik Birkibandsins og jólasveinar líta við. Að sjálfsgöðu er heitt kakó í boði. „Þessi viðburður er að festa sig í sessi og verður án efa ómissandi jólahafð hjá mörgum heima mönnum.“

**Kjarnaskógur – Alltaf logn**

Kjarnaskógur er opin alltaf, árið um kring og er jafnan talsverð umferð fólks um skóginn yfir vetrartímenn ekki síður en á heitum sumardögum. „Við leggjum okkur fram um að veita okkar gestum góða þjónustu. Margir koma til að fara á gönguskíði og við búum svo vel að eiga góðan snjótroðara sem er óspart notaður þegar snjór er yfir. Það er líka vinsælt að ganga um skóginn, en við höfum tekið upp einkennisorðið „Kjarnaskógur – alltaf logn“ og það á svo sannarlega vel við. Skjólíð sem skógurinn veitir fjölga einfaldlega þeim dögum sem hægt er að stunda útivist hér á landi. Við sjáum það svo vel yfir veturinn á þeim dögum þegar ekki er hundi út sigandi vegna veðurs að þá flykkist fólk í skóginn til að njóta útiveru á troðnum brautum og í ágætu veðri. Skjólíð sem skógurinn veitir kemur líka vel í ljós yfir sumarið, hitatölur eru ekki alltaf ýkja háar en í Kjarnaskógi er hægt að spranga um á stuttermabol og taka svo hettupeysuna fram þegar farið er úr skóginum,“ segir Ingólfur.



■ Jólball Skógræktarfélagins í Kjarnaskógi var nú haldið í þriðja sinn og stefnir í að verða fastur liður í aðventudagskrá Eyfirðinga.



■ Bergsveinn Þórsson með ljósum prýtt jólátré.

# ÍS TÆKNI

## Við erum með lausnir

### Sjálfvirkni

---

### Hönnun og smíði á millidekkjum

---

### Karapvottavélar og karakerfi

---

### Lausnir í fiskeldi

---

### Renniverkstæði

---

### Framleiðsla

---

### Þjónusta

---

Óskum landsmönnum  
gleðilegra jóla og  
farsældar á árinu 2025

Sindragata 7, 400 Ísafirði | [istaekni.com](http://istaekni.com) | [istaekni@istaekni.com](mailto:istaekni@istaekni.com)

**Daglegar  
fréttir**

af íslenskum  
sjávarútvegi

[audlindin.is](http://audlindin.is)

**AUÐLINDIN**

Auglýsingasími 898 8022  
inga@ritform.is

# Þurfum að byggja mun meira

Rætt við Jónas Atla Gunnarsson, hagfræðing hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

„Staðreyndin er sú að á undanfórnum árum hefur verið byggt gríðarlega mikið í sögulegu samhengi en bara alls ekki nógu mikið miðað við þá gífurlegu fólksfjölgun sem orðið hefur í landinu. Þetta ástand hefur skapað gríðarlegan þrýsting á fasteignamarkaðinn og leitt til mikillar hækkunar á leigu- og húsnæðisverði. Þetta bitnar auðvitað fyrst og fremst á þeim sem hafa lítið á milli handanna og eyða stórum hluta tekna sinna í húsnæðiskostnað. Besta leiðin til að leysa þennan vanda er að byggja meira af húsnæði sem hentar þessu fólki en einnig að nýta betur það húsnæði sem fyrir er. Svo einfalt er það,” segir Jónas Atli Gunnarsson, hagfræðingur hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í samtali við Sóknarfæri.

## Vandinn liggur í fjármögnuninni

Þegar kreppir að er fólki auðvitað tíðrætt um vandann og í pólitískri umræðu er gjarnan boðið upp á einfaldar útskýringar á ástandinu. Vinsælt er að nefna meintan lóðaskort á höfuðborgarsvæðinu en Jónas Atli telur þær útskýringar ekki halda vatni. „Meintur lóðaskortur er að mínu viti aukaatriði enda fyrir löngu búið að úthluta lóðum í Reykjavík fyrir hundruð íbúða sem ekki hefur enn verið byrjað á. Framkvæmdalán byggingarfyrirtækjanna eru dýr og greiðslugeta kaupendanna of lítil til að næg eftirspurn skapist eftir húsnæði frá þeim sem eru í mestri þörf. Þess vegna einbeita verktakarnir sér að því að byggja dýrari íbúðir þótt húsnæðisvandinn liggja alls ekki hjá þeim sem eru efnameiri. Þetta er öfugsnúin staða og afar brýnt að grípa til ráðstafana til að snúa þessu við.“

Jónas Atli segir að ekki aðeins þurfi að byggja meira heldur þurfi einnig að setja reglur um útleigu íbúða til ferðamanna og umbreyta illa nýttu atvinnuhús-

næði í íbúðir sem standast allar kröfur. „Það er mín skoðun að við þurfum að grípa þegar til ráðstafana til að stemma stigu við skammtímaleigu íbúða til ferðamanna en slík aðgerð myndi strax skila sér í auknu framboði íbúða fyrir fjölskyldur í vanda. Það liggur fyrir að þúsundir íbúða eru í skammtímaleigu hér á höfuðborgarsvæðinu og þótt aðeins hluti þeirra kæmi inn á almenna leigumarkaðinn myndi það strax hafa mikil jákvæð áhrif. Í nágrannalöndum okkar er fyrir löngu búið að setja reglur í þessum efnum og sums staðar er hreinlega bannað að leigja út Airbnb íbúðir til ferðamanna.“

## Óviðunandi staða

Á síðustu árum hefur vissulega verið gripið til margvíslegra ráðstafana til að bæta stöðu þeirra tekjulægstu á húsnæðismarkaði, bæði hvað varðar auknið framboð á óhagnaðardrífnu leiguhúsnæði en einnig með stuðningi við fyrstu kaupendur á húsnæði. Jónas Atli segir þetta fagnaðar efni en að betur megi ef duga skal.

„Eðlilega hafa menn beint sjónum sínum að þeim sem eru í mestum vanda en hátt húsnæðisverð og takmarkaður aðgangur að fjármagni vegna reglna um greiðslumat gerir það að verkum að tiltölulega vel launað ungt fólk getur ekki lengur fest kaup á húsnæði nema með því að eiga verulegt eigið fé eða njóta milljóna fjárstuðnings aðstandenda. Þetta er auðvitað óviðunandi staða og mjög mikilvægt að leita allra leiða til að koma þessu fólki yfir erfiðasta hjallann. Brýnasta verkefnið er þó sem fyrr að slá á þensluna með auknu framboði en einnig að leita leiða til að draga úr kostnaði við nýbyggingar með því til dæmis að einfalda regluverk og fjarlægja ýmsar hindranir varðandi undirbúning framkvæmda.“



■ Jónas Atli Gunnarsson, hagfræðingur HMS: „Þetta ástand bitnar auðvitað fyrst og fremst á þeim sem hafa lítið á milli handanna og eyða stórum hluta tekna sinna í húsnæði. Besta leiðin til að leysa þennan vanda er að byggja meira.“



■ Fyrir liggur að þúsundir íbúða eru í skammtímaleigu á höfuðborgarsvæðinu og þótt aðeins hluti þeirra kæmi inn á almenna leigumarkaðinn myndi það strax hafa mikil jákvæð áhrif.

## Gríðarleg fjölgun fram undan

Á dögunum kynnti Hagstofan uppfærða mannfjöldaspá og þar koma fram visbendingar um meiri fjölgun og um leið hraðari öldrun þjóðarinnar en áður hefur verið spáð. Samkvæmt spánni fjölga íbúum á Íslandi úr 384

þúsund árið 2024 í 504-790 þúsund íbúa á næstu 50 árum. Ef við tökum miðgildið í spánni býst Hagstofan við að íbúar á Íslandi verði um 605 þúsund árið 2074.

„Já, þessi tíðindi eru nú ekki til að bæta stöðuna en það er okkar mat að vegna mannfjölg-


unar og breyttrar fjölskyldusamsetningar sé þörf á allt að 4.500 til 5.000 nýjum íbúðum á ári hverju fram til ársins 2050 til þess að sinna íbúðarþörfinni. Í ljósi þess að meðalfjöldi nýrra íbúða á ári hefur verið í kringum 3.000 síðustu árin er full ástæða til að hafa áhyggjur af þessu. Byggingariðnaðurinn, sveitarfélögin, fjármálakerfið og ríkisvaldið þurfa að leita nýrra leiða og stórauka framboð íbúða á næstu árum ef ekki á illa að fara. Við þurfum einfaldlega að byggja mun meira til að slá á þensluna á íbúðamarkaði sem jafnframt er helsti verðbólguvaldurinn í hagkerfinu inn í framtíðina. Þetta ætti ekki að þurfa að vera pólitískt bitbein því allir hljóta að vera því sammála að mikið sé í húfi að ná jafnvægi á húsnæðismarkaðnum,” segir Jónas Atli Gunnarsson að síðustu.

hms.is



*Gleðilega hátíð*

*RST óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári*



**RST**

Álfhelli 6 - 221 Hafnarfjörður  
Sími 577 1050 - rst@rst.is - rst.is



## Hátíðarstraumar um allt land

Starfsfólk RARIK óskar viðskiptavinum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfu á nýju ári. Við strengjum þess heit að verða áfram traust undirstaða orkuskipta framtíðarinnar.

*Gleðilega hátíð*

# Íslenskar fiskafurðir standa fyllilega undir sterkri gæðaímynd

Rætt við Steinar Þór Ólafsson, sérfræðing hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, um markaðs- og ímyndarverkefnið Seafood from Iceland

Uppbygging ímyndar og markaðssetning íslenskra sjávarafurða á erlendum afurðamörkuðum er eilífðarverkefni sem sífellt þarf að huga að og laga að straumum og stefnum á mörkuðum og bregðast um leið við því sem samkeppnisaðilar eru að gera. Verkefni með yfirskriftinni Seafood from Iceland hefur staðið yfir síðustu ár og nú um áramótin lýkur fimm ára skilgreindu tímabili í þessari markaðsvinnu og ekkert bendir til annars en þessari vinnu verði haldið áfram af sömu aðilum næstu fimm ár hið minnsta. Að verkefninu kemur hópur innlendra fiskframleiðenda í samstarfi við Íslandsstofu og snýst það um að byggja upp ímynd afurða undir upprunamerkinu Seafood from Iceland. Steinar Þór Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og miðlun hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, hefur unnið að verkefninu á síðustu árum og þekkir vel til þess.

## Breyttar aðstæður með brott-hvarfi stóru sölusamtakanna

„Aðdragandann að þessu verkefni má rekja alveg aftur til ársins 2015 en forsagan snýst um að frá því að stóru sölusamtökin hurfu af sjónarsviðinu hafa fyrirtækin í sjávarútvegi fyrst og fremst unnið hvert með sínum hætti að markaðs- og sölu-málum. Það var síðan árið 2019 sem samkomulag náðist um þetta verkefni til fimm ára undir merkinu Seafood from Iceland sem er upprunamerki sem stendur fyrir fiskafurðir í hæsta gæðaflokki frá Íslandi. Þetta er ekki sölukerfi heldur verkefni sem byggir undir ímynd og kynningu á afurðamörkuðum okkar og hjálpar neytendum að tengja fiskafurðir við Ísland. Nú hefur verkefnið staðið í fimm ár og um áramótin tekur við nýr samningur til næstu fimm ára, byggt á þeirri reynslu sem við höfum aflað okkur frá árinu 2019. Við höfum á þessum tíma lagt góðan grunn sem ætlunin er síðan að byggja ofan á. Það má á vissan hátt segja að markaðsmál séu hvað þetta varðar eins og vaxta-vextir,“ segir Steinar Þór, spurður um forsögu verkefnisins en í dag eru rúmlega 20 framleiðendur þátttakendur í verkefninu, stórir sem smáir.

## Uppruna- og gæðamerki í senn

Steinar Þór segir það lán íslenskra fiskframleiðenda að öll framleiðsla selst á erlendum afurðamörkuðum og við þær aðstæður kann í fljótu bragði að



■ Í verkefninu Seafood from Iceland hefur verið mikil áhersla á samstarf við kokkaskóla í Suður-Evrópulöndum þar sem matreiðslunemar spreya sig á því góða hráefni sem fiskurinn er.



■ Steinar Þór Ólafsson, sérfræðingur hjá SFS.

virðast lítil ástæða fyrir framleiðendur til að taka þátt í markaðsverkefnum af þessu tagi.

„Fyrirtækin vita hins vegar að ef eitthvað breytist á mörkuðum, bakslag kemur í eftirspurn eða þrýstingur á lækkun afurðaverðs að þá er mikils virði að hafa byggt upp sterka ímynd,“ segir hann.

Öllum framleiðendum í verkefninu býðst og eru beinlínis hvattir til að nýta sér merkið Seafood from Iceland til að merkja sínar afurðir.

„Þetta er í reynd upprunamerki og að baki því er hægt að finna upplýsingar um allt sem íslenskur sjávarútvegur stendur fyrir, t.d. hreinleika, sjálfbærni veiða, gæði afurða og svo framvegis. Fyrir notkun merkisins eru

nokkrar almennar notkunarreglur en það er síðan undir hverjum og einum framleiðanda komið hvernig hann notar merkið, hvort það er notað á alla framleiðslu viðkomandi fyrirtækis eða einstaka afurðaflokka. En almennt má segja að allt sjávarfang sem er veitt við Ísland og unnið hér á landi getur fallið undir notkun þessa upprunamerkisins Seafood from Iceland.“

## Fiskréttir ekki siðri upplifun en náttúra og norðurljós

Á þeim fimm árum sem liðin eru af verkefninu segir Steinar Þór að mesta áherslan hafi verið á afurðamarkaði fyrir hvítisk í Suður-Evrópu og á Bretlandsmarkaði.

„Því til viðbótar höfum við



■ Glæsilegur réttur úr íslenskum fiski.

verið að beina kastljósinu að erlendum ferðamönnum hér á Íslandi sem flestir smakka fisk á hérlandum veitingahúsum og höfum verið í samstarfi við yfir 100 veitingahús á Íslandi. Þannig erum við að koma því að hjá þessum hópum ferðamanna að upplifunin af Íslandi snýst ekki bara um norðurljós og fallega náttúru heldur líka um upplifunina af því að borða þennan frábæra fisk sem við veiðum og vinnum. Þannig kynnast ferðamenn merkinu Seafood from Iceland og tengja því merkið við þá upplifun þegar þetta sama fólk sér íslenskar fiskafurðir á þeirra heimamörkuðum. Við getum orðað það þannig að við séum að gera ferðamennina að talsmönnum þess á sínum

heimamörkuðum að íslenskur fiskur sé afbragðsvara.“

## Vel heppnað samstarf við kokkaskóla í Suður-Evrópu

Steinar Þór segir að hvað best heppnaði hluti verkefnisins á síðustu fimm árum hafi verið samstarf við kokkaskóla í Suður-Evrópu þar sem nemendur spreya sig í keppnum í að elda á fjölbreyttan hátt úr íslenskum saltfiski.

„Ástæðan fyrir þessari áherslu er ekki sist sú að allar mælingar sýna okkur að eldri kynslóðirnar þekkja íslenskan fisk betur og fyrir hvað hann stendur. Verkefnið er þess vegna að ná til yngri kynslóðanna bæði hvað varðar saltfiskinn og aðrar sjávarafurðir. >>



**Sendum okkar bestu óskir  
um gleði og frið um jólin  
og farsæld á komandi ári.**

We wish you a very happy  
holiday season and a peaceful  
and prosperous New Year.



■ Í Bretlandi er áherslan í Seafood from Iceland á notkun íslenska fiskisins í hinum sívinsæla rétti þarlendra, Fish&Chips.



■ Glaðir kokkanemar að lokinni keppni í matreiðslu úr íslenska fiskinum.

Gleymum því ekki að fiskur er ekki bara að keppa við fisk heldur er hann að keppa við annað prótein. Ungt fólk er líklegra til að velja kjúkling eða annað kjöt umfram fisk og markmið okkar með því að fara inn í kokkaskólana er að byggja upp þekkingu ungra matreiðslunema á fiski, gæðum hans og ekki síst hollustu í þeirri von að þetta sama fólk horfi meira til þessara afurða og ekki síst saltfisksins þegar það fer að vinna á sínum veitingastöðum að námi loknu.

Steinar Þór segir engan vafa leika á mikilvægi þess að ná til veitingahúsa með fiskafurðirnar og sú áhersla hafi einnig verið í vinnu í verkefninu í Bretlandi. „Þar höfum við mest verið að vinna með „Fish&Chips“ en hvað varðar unga fólk og fiskinn þá tel ég mun árangursríkara að ná til þessa hóps í gegnum veitingahúsin í stað þess að ætlast til þess að ungt fólk læri að matreiða fisk. Fyrsta skrefið teljum við þess vegna vera að unga fólk tengi þessar afurðir við upplifun sem það fær af góðum réttum úr fiski frá Íslandi á veitingastöðum,” segir Steinar Þór.

### Samfélagsmiðlarnir dýrmætir og árangursríkir

Tímarnir breytast svo sannarlega í möguleikum til markaðssetningar og því er áhugavert að heyra hvort æ fjölbreyttari notkun samfélagsmiðla hjálpi til við ímyndar- og markaðssetningarverkefni eins og Seafood from Iceland er. Steinar Þór bendir á að verkefnið hafi úr mjög takmörkuðum fjármunum að spila á hverju ári og því sé hægt að gera mun meira en með auglýsingabirtingum í stórum hefðbundnum fjölmiðlum.

„Á þeim markaðssvæðum sem við erum að vinna á kostar gífurlega fjármuni að auglýsa í sjónvarpi og þess vegna er okkar fókus á notkun samfélagsmiðla, samvinnu við kokkaskóla og fleira sem er ekki jafn kostnaðarsamt,” segir hann og bendir til dæmis á herferð sem bar yfirskriftina „Father Fishmas“ þar sem var með broslegum hætti bent á að jólasveininn komi frá Lapplandi en Father Fishmas frá Íslandi.

„Svo njótum við líka góðs af því að margir í kokkaskólunum eru mjög stórir á samfélags-

miðlum og eru að miðla því sem þeir eru að gera úr fiskinum í gegnum sinn vettvang, auk þess sem margir þeirra hafa komið til Íslands, farið um landið, heim sótt framleiðendur og segja frá þessum ferðum á sínum samfélagsmiðlum. Við erum því að nýta samfélagsmiðlavinnuna á eins fjölbreyttan og hnitmiðaðan hátt og frekast er unnt,” segir Steinar Þór.

### Megum aldrei sofna á verðinum

Spurður hvort raunveruleg hætta sé á því að Íslendingar tapi góðri stöðu sinni á erlendum fiskafurðamörkuðum segir Steinar Þór að aldrei megi sofna á verðinum.

„Við höfum alltaf þurft að vera á tánum gagnvart bæði samkeppnisáðilum með fisk annars staðar úr heiminum en líka gagnvart samkeppni við annað prótein. Í sögulegu samhengi höfum við líka alltaf vitað að við erum lítil framleiðsluþjóð og höfum þess vegna þurft í gegnum tíðina að hafa meira fyrir því en margar aðrar þjóðir að láta vita af okkur og okkar af-

urðum,” segir Steinar Þór en nú þegar verkefnið verður endurnýjað til næstu fimm ára verður sú breyting t.d. gerð að þátttakendur geta haft meira um það að segja á hvaða markaðssvæðum þeirra framlag til verkefnisins verður nýtt.

„Þetta opnar ný tækifæri. Við finnum að það er áhugi á að beina kastljósinu líka að t.d. Frakklandi og Bandaríkjamarkaði. Allt eru þetta klassískir afurðamarkaðir okkar fyrir hvít fisk en í verkefninu verður til alls kyns efni fyrir markaðsstarf sem þátttakendurnir geta svo nýtt sér, ásamt merkinu sjálfu, í sitt sölustarf.”

### Afurðirnar standa fyllilega undir gæðaimyndinni

Steinar Þór segist ekki í nokkrum vafa um að Íslendingar hafa sterka gæðaimynd á afurðamörkuðum út um heim fyrir sjávarafurðir sínar.

„Hún er mun sterkari hjá eldri

hópnum en þeim yngri, líkt og ég sagði áðan og þá er verkefnið að byggja ímyndina betur upp hjá yngri kynslóðunum. Neytendur í dag eru mikið að hugsa um hollustu og ekki síður umhverfislegu þættina, kolefnisspor og margt annað. Þegar svo allt kemur til alls þá snýst þetta um að fá sem hæst verð fyrir hvert kíló af íslenskum fiski. Staðreyndin er sú að okkur hefur tekist vel upp í því á undanförunum árum og áratugum og einnig er eftirtektarvert að bera saman við t.d. Noreg hversu vel okkur gengur miðað við þá litlu fjármuni sem við höfum úr að spila í ímyndar- og markaðsstarfi. Við erum að vinna með frábæra íslenska gæðavöru sem stendur algjörlega undir þeirri ímynd sem hún hefur á afurðamörkuðum. Það er einfaldlega staðreynd,” segir Steinar Þór Ólafsson.

.....  
[seafoodfromiceland.com](http://seafoodfromiceland.com)  
 .....

**MANITOU**

**MEST SELDI SKOTBÓMULYFTARINN Á ÍSLANDI!**



**ÍSLYFT NÝR UMBOÐSAÐILI FYRIR MANITOU Á ÍSLANDI**

VESTURVÖR 32a | 200 KÓPAVOGI  
 SÍMI 564 1600 | ISLYFT@ISLYFT.IS | ISLYFT.IS

**Íslyft ehf**



■ Samfélagsmiðlar eru mikið notaðir í verkefninu og margir matreiðslunemar koma hingað til lands, upplifa íslenska náttúru, kynna fiskinum og miðla ævintýrunum til sinna fylgjenda á samfélagsmiðlum.

# Mikil hækkun á verði raforku

Verð á raforku hefur á síðustu tólf mánuðum hækkað um 13,2%. Þetta er mesta hækkun síðan 2011 eða í 13 ár. Á sama tíma og verðbólgan hefur verið á niðurleið hafa orðið hækkanir á raforkuverði. Raunverð raforku hefur hækkað um 8,4% á síðustu tólf mánuðum sem er einnig met frá árinu 2011. Þetta kemur fram í greiningu Samtaka iðnaðarins.

## Of lítil raforkuframleiðsla


Í greiningu SI kemur fram að hækkunin á raforkuverði endurspeglir þá stöðu að raforkuframleiðsla hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins, þar á meðal fólksfjölgun. Ástæðan sé kyrrstaða í raforkuöflun á síðastliðnum 10 til 15 árum. Þetta aðgerðaleysi kosti samfélagið mikið sem birtist nú í hækkun raforkuverðs. Segir í greiningunni að meðalverð raforku Landsvirkjunar til stórnotenda án flutnings hafi hækkað um 32% frá 2019 til 2023 og á sama tíma hafi meðalverð forgangsorku án flutnings hækkað um 34%. Þessi staða sé að valda umtalsverðu tapi á útflutningstekjum Íslands þar sem Landsvirkjun hafi byrjað raforkuskerðingar til stórnotenda þegar í lok árs 2023. Samtökin telja að líkur séu á enn meiri hækkun á raforkuverði á næstu misserum.

Að mati Samtaka iðnaðarins er meginástæða þessara hækkananna skortur á uppbyggingu á nauðsynlegum innviðum í raforkukerfinu en einnig léleg vatnsár og flutningstakmarkanir í fulllestuðu raforkukerfi. „Nú sölufyrirtæki selja rafmagn á almenna markaðnum. Sum þeirra eru með eigin framleiðslu en flest kaupa einnig rafmagn á heildsölumarkaði. Í heild eru aðilar á markaðinum ellefu. Sölufyrirtækin kaupa raforku í miklu magni í heildsölu og selja hana síðan í smásölu til heimila og fyrirtækja. Hækkun á verði raforku á heildsölumarkaði skili sér því til fyrirtækja og heimila í formi hærra raforkuverðs,“ segir í tilkynningu.

## Þrískipting kostnaðarins

Samtök iðnaðarins benda á að raforkukostnaður skiptist í þrennt, þ.e. kostnað við raforku, flutning og dreifingu og síðan opinber gjöld. „Metið hefur verið að raforkukostnaðurinn sé um 30% af heildarkostnaði vegna raforkukaupa, flutningur og dreifing um 50% og opinber gjöld um 20%. Þess ber að geta að einstaka notendahópar njóta niðurgreiðslna á kostnaði, s.s. vegna rafhitunar eða að kostnaður er jafnaður að einhverju leyti. Hækkun á verði raforku á heildsölumarkaði skilar sér því ekki í hlutfallslega jafn mikilli hækkun á verði raforku.“

si.is



■ Raforkuverð hefur hækkað umtalsvert á síðustu 12 mánuðum.



Þjörgunarvesti með ljósi og neyðarsendi bjarga mannlífum.  
Venjum okkur á að vera alltaf í vestunum við vinnu okkar á sjó.



Stjórnarráð Íslands  
Innviðaráðuneytið  
Siglingaráð

Samgöngustofa

# Ákváðu í löngum sunnudagsbíltúr að kaupa vélsmiðju!

„Við fórum í nokkurra klukku-tíma bíltúr á sunnudegi fyrir rúmu ári og ræddum hvort við ættum að hrökkva eða stökkva og niðurstaðan varð sú að slá til og kaupa. Við sjáum ekki eftir þeirri ákvörðun en þetta fyrsta ár hefur svo sannarlega verið mikið lærdómsferli fyrir okkur. Vænst þykir okkur um þá jákvæðni sem við höfum fengið hér í samfélaginu, frá almenn- ingi, viðskiptavinum og starfs- mönnum. Þarna munaði ekki nema fáeinum dögum að fyrir- tækinu yrði lokað og Dalvík hefði misst mikið ef sú mikla þjónusta sem Vélvirkja veitir á málmíðnaðarsviðinu hefði horfið. Þetta er fyrirtæki sem var stofnað árið 1990 og er því með langa og farsæla sögu,“ segja Dalvíkingarnir og vélvirkjarnir Helgi Halldórsson og Eiður Máni Júlíusson sem keyptu meirhluta í fyrirtækinu Vélvirkja ehf. á Dalvík þann 1. nóvember í fyrra.

## Yfir 33 ára farsæl rekstrarsaga

Báðir voru þeir Helgi og Eiður Máni á samningi hjá Vélvirkja meðan þeir voru í námi á sínum tíma en hurfu svo til annarra vinnuveitenda eftir sveinsprófið sem þeir tóku báðir árið 2021. Fyrst og fremst þykir það tíð- indum sæta þegar kornungir menn ráðast í það stórvirki að kaupa fyrirtæki í fullum rekstri en í dag er Vélvirkja með 13 starfsmenn á launaskrá. Fyrirtækið veitir fjölbreytta þjónustu á málmíðnaðarsviðinu og hafa verkefnin hafa alla tíð verið í kringum sjávarútveginn í skipum, bátum og landvinnslu en einnig hvers konar vélavíð- gerðir, málmsmíði, rennismíði og þannig mætti lengi telja. Verkefnin eru að stærstum hluta fyrir viðskiptavinum á Dalvík og í nágrenni en einnig er algengt að t.d. útgerðir báta komi með þá til Dalvíkur til að nýta sér þjónustu og reynslu starfsmanna Vélvirkja. Á öllum þessum sviðum segja þeir Helgi og Eiður Máni að fyrir- tækið muni styrkja sig enn frekar og sækja fram.



■ Saga Vélvirkja ehf. hófst fyrir 34 árum og nú er ný kynslóð komin með hendur á árar í rekstrinum. Frá vinstri: Eiður Máni Júlíusson, framkvæmdastjóri, Helgi Halldórsson, stjórnarformaður og Jóhannes Hafsteinsson sem var meðal stofnenda á sínum tíma og á áfram þriðjungshlut frá móti ungu mönnum sem hann leiðbeindi á sínum tíma þegar þeir voru á námssamningi hjá Vélvirkja.

## Fagnar kynslóðaskiptunum

Fyrirtækið Vélvirkja ehf. var stofnað árið 1990 af Jóhannes Hafsteinssyni, Gunnari Sigursteinssyni og Þór Ingvasyni. Þeir voru farnir á síðari árum að huga að því að draga sig út úr rekstrinum eftir langan feril og árið 2021 var fyrirtækið auglýst til sölu. Þrátt fyrir fyrirsurnir urðu engar alvöru viðræður við kaup- endur fyrr en þeir Helgi og Eiður Máni komu til sögunnar.

„Við sáum ekki fram á annað en við yrðum að loka, hætta rekstri og selja eignirnar. Ég er þess vegna mjög ánægður með að sjá reksturinn komast í hendur nýrrar kynslóðar og halda áfram,“ segir Jóhannes Hafsteinsson en niðurstaðan varð sú að tveir af fyrri eigendum seldu sína hluti en Jóhannes á áfram þriðjungshlut í Vélvirkja. „Ég er glaður með að geta stutt við bakið á strákunum í að komast af stað í þessu verkefni sem ég veit af reynslunni að



■ Hús Vélvirkja ehf. við Dalvíkurhöfn.

er ekki alltaf dans á rósum frekar en í öðrum rekstri.“

## Bankinn neikvæður í fyrstu

Þeir Helgi og Eiður máni segja það hafa verið lykilatriði fyrir þá að fá Jóhannes sem einn af fyrri eigendum og læriföður þeirra á sínum tíma til liðs við þá.

„Þegar við vorum að læra hér á sínum tíma grínuðumst við með að það yrði gaman að taka við af þessum eigendum ein- hvern daginn. Svo þegar fyrir- tækið var auglýst fyrir um þremur árum fórum við í bankann með þessa hugmynd og í stuttu máli var hann ekki já-

kvæður og taldi þetta vonlaust. Við settum því hugmyndina til hliðar en þegar kom fram á haustið 2023 og við sáum að stefndi í lokun Vélvirkja þá fórum við aftur af stað enda miklir heimamenn í okkur og gátum ekki hugsað okkur að Vélvirkja yrði lokað. Við fengum góðar leiðbeiningar hjá fyrirtækjasöl- unni um hvernig þetta væri ger- legt fyrir okkur og svo fóru hjólin að snúast. Lykilatriði fyrir okkur var auðvitað að Jóhannes var tilbúinn að vera með okkur áfram og það hjálpar bæði okkur og er líka mikils virði fyrir við- skiptavinum Vélvirkja til fjölda ára. Við erum því bara bjartsýnir á framhaldið,“ segja þeir Helgi og Eiður sem fóru þá leið við verka- skiptinguna að draga um hvor ætti að verða framkvæmdastjóri og hvor stjórnarformaður. Fram- kvæmdastjórnin kom í hlut Eiðs en hann segir stjórnunina fyrst og fremst samvinnuverkefni.

„Við erum bara í öllum dag- legum verkefnum fyrir viðskipta- vini og tókum svo bókhaldið og annað slíkt sem þarf að sinna á kvöldin.“

## Góð blanda af þekkingu og reynslu í starfsmannahópnum

Frá sveinsprófi árið 2021 og þar til þeir félagar gerðust eigendur Vélvirkja í fyrra voru þeir í störfum annars staðar á sínum fagsviðum, Eiður Máni hjá Sæ- plasti og Helgi í vélstjórn á tog- urum Samherja. Bæði þessi fyrirtæki eru stórir viðskiptavinir Vélvirkja og hafa verið frá stofnun.

„Við erum heppnir með mannskap og höfum verið að fá til okkar faglærða menn í málm- íðnaði. Þetta er góð blanda af ungu og eldri mönnum með mikla reynslu og þekkingu í þjón- ustu við viðskiptavinum. Við ótt- umst því ekki verkefnaskort og vorum fljótir að sjá hversu mikils virði það var að geta komið inn í fyrirtæki í fullum rekstri, vel tækjum búð og með góðan húsakost. Það hefði verið marg- falt meira átak að byggja upp nýja vélsmiðju frá grunni.“

*Búseti óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári*





MEÐ UNIVERN Í RÚM 20 ÁR

*Gleðilega og örugga jólahátíð*  
með þökk fyrir viðskiptin á árinu



Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | [dynjandi.is](http://dynjandi.is)



■ Sunna Magnúsdóttir, verkefnastjóri Jólaborpsins. „Við heyrum að jólatíminn gefur söluaðilum mikið en það sem skiptir okkur mestu er að þetta er mannlífsbætandi fyrir allt samfélagið – að bjóða upp á þennan samveruvettvang fyrir vini og fjölskyldur.“

## Jólaborpið í Hafnarfirði

# Ævintýraheimur barna á öllum aldri

Jólaborpið í Hafnarfirði hefur í um 20 ár staðið á Thorsplani. Þar er hægt að kaupa í litlum húsum allt á milli himins og jarðar svo sem matarkrásir og heklaðar vörur. Hafnarfjörður er sannkallaður jólabær og í skrudgarði bæjarins, Hellisgerði, loka nú ljós á aðventunni á fjölda trjáa og í ár standa þar útskorin hreindýr sem gleða stóra sem smáa.

### Stór hluti af jólahefð Hafnfirðinga

„Fólk á öllum aldri gerir sér glaðan dag í Jólaborpinu í Hafnarfirði,“ segir Sunna Magnúsdóttir, verkefnastjóri Jólaborpsins. „Það er svo ánægjulegt að sjá fjölskyldur og vini verja tímanum sínum saman í aðdraganda jólaanna.“

Hafnarfjarðarbær hefur í um 20 ár sett upp Jólaborpið á Thorsplani í miðbænum. Þar standa um 20 litil hús full af varningi sem gleða og getur fólk því keypt ýmislegt og glaðst saman þær sex helgar sem þorpið er opið fyrir hver jóla.

„Jólaborpið er búið að vera partur af jólahefðum Hafnfirðinga í rúm 20 ár og hefur í rauninni stækkað jafnt og þétt og tekið enn frekari breytingum

undanfarin ár,“ segir Sunna. „Við bættum nýju húsi við í ár sem stendur á miðju svæðinu og köllum við það hringhúsið. Þar er boðið upp á ýmislegt gott að borða og drekka.“

Í söluhúsunum sem standa í hring er hægt að versla alls kyns varning og má geta þess að í um helmingi þeirra koma nýir söluaðilar um hverja helgi. Sunna nefnir meðal annars matarkrásir, fatnað, heklaðar vörur, náttúruvörur, blómaskreytingar, jólastyttur, jóla-skraut, barnavörur og svo selja góðgerðarsamtök ýmsar vörur til styrktar þeim.

### Að þýskri fyrirmynd

Jólaborpið er fallega skreytt og spiluð er jólatónlist sem ómar um svæðið. Þá eru stundum uppakomur á sviði á svæðinu sem ætti að geta glatt börn á öllum aldri. „Börnin á leikskólum bæjarins hafa sérhannað jóla-skrautið á trén sem standa í bænum. Það er svo hjartnæmt og fallegt að staldra við trén og skoða skrautið.“

Opið er föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Alla föstudaga þessar helgar er opið frá klukkan fimm til átta og alla laugardaga og sunnudaga er opið frá eitt til sex. Þorlaks-

messa er síðasti dagur sem jólaþorpið er opið.

Sunna segir að upphaf Jólaborpsins megi rekja til framsækings starfsmanns Hafnarfjarðarbæjar sem datt í hug að bærinn myndi kaupa hús í stíl við jólaþorp í Þýskalandi sem margir þekkja. Keypt voru 20 hús í upphafi og hafa þau verið notuð síðan en eitt er nú notað undir Grýluhelli.

„Það var miklu erfiðara að halda Jólaborpinu úti fyrir nokkrum árum en núna er Jólaborpið orðið vinsæll sölustaður og er í rauninni meiri eftirspurn heldur en framboð. Við þurfum

## Útivist í 50 ár

Við þökkum fyrir árin 50 og hlökkum til næstu 50 ára.



**ÚTIVIST**

50 ára



Skodið ferðaáætlun 2025 á [www.utivist.is](http://www.utivist.is)

að velja og hafna og getum alls ekki veitt öllum pláss sem vilja enda allur fókus á að bjóða varning sem gleður augu og fjölskyldur elska.“

#### Ljósum skrytt Helliggerði

Sunna segir að á bak við jólabæinn Hafnarfjörð sé sú hugmynd að styðja við miðbæ Hafnarfjarðar.

„Við styðjum við verslun og veitingar í miðbæ Hafnarfjarðar í aðdraganda jóla og ýtum þannig undir umferð í bæinn. Við höfum fengið mjög góð viðbrögð bæði frá samfélaginu í Hafnarfirði sem og annars staðar, enda flykkist fólk hingað um þessar helgar. Við tölum um að það séu sex helgar í adventu af því að við byrjum svo snemma.“

Svo er gaman að segja frá því að við erum búin að teygja þessa hugmynd en Jólaborpið sjálft er á Thorsplani en jólabærinn er miklu meira - það er allt í kring. Það eru söfnin okkar, það eru verslanirnar og það er Helliggerði. Þannig að „jólabærinn“ er kannski stærra hugtak yfir það að hér er margt hægt að gera á adventunni. Það er þess virði að verja tímanum í Hafnarfirði.“

#### Byggt á hafnfirskum grunni

Jólabærinn Hafnarfjörður og Jólaborpið á Thorsplani er hagsmunamál bæði fyrir verslunarmenn og til dæmis smávöruframlendur en þjónustan er líka mannlífisbætandi. „Við heyrum að jólatíminn gefur söluaðilum mikið en það sem skiptir okkur mestu er að þetta er mannlífisbætandi fyrir allt samfélagið - að bjóða upp á þennan samveruvettvang fyrir vini og fjölskyldur.“

Þess má geta að söluaðilar eru ekki einungis hafnfirskir. „Við reynum að vanda valið þannig að í jólaborpinu sé framboð af gæðavöru en það er alltaf svolítið byggt á hafnfirskum grunni vegna þess að kjarninn okkar er klárlega hafnfirskur.“

Sunna nefndi Helliggerði sem er viðbót við jólabæinn. „Helliggerði er skrudgarður Hafnfirðinga sem er skreyttur ljósum og er orðinn viðkomustaður út af fyrir sig. Það er stanslaus straumur fólks í rökkrinu að sjá öll fallegu jólaljós. Nýjung þar er samfélagsverkefni en við fengum hóp manna í bænum sem kallast „karlar í skúrnum“ til þess að gera fyrir okkur hreindýr úr afskurði úr trjám sem var búið að höggva í bænum í sumar þannig að Helliggerði er fullt af fallega gerðum hreindýrum sem gleðja unga sem aldna. Það er umtalað hvað þetta er skemmtilegt.“

#### Jólakrans og Stúfur

Sunna segir að í sínum huga séu jólin samverutími fjölskyldunnar. „Þau eru hátíð barnanna þar sem maður finnur barnið í sjálfum sér. Þetta er fallegur samverutími þar sem manni finnst vera mikilvægast að vera með þeim sem manni þykir vænt um og upplifa saman. Það er svo margt hægt að upplifa. Það er svo margt í boði á þessum tíma.“

Sunna segist ekki sleppa því fyrir jólin að gera jólakrans með börnunum sínum sem er síðan hengdur á útidyrhurðina. Og að lokum; hvert er uppáhalds jólagið hennar?

„Það er Stúfur með Bagga-lúti.“



■ „Það var miklu erfiðara að halda Jólaborpinu úti fyrir nokkrum árum en núna er Jólaborpið orðið vinsæll sölustaður og er í rauninni meiri eftirspurn heldur en framboð.“

*Við vonum að hátíð verði ykkur hlý,  
með kærleik og friði í hjarta,  
Nú hækkar á lofti sólin á ný,  
Og með henni framtíðin bjarta  
með ósk um gleðileg jól,  
hátíðarkveðja,  
Hafnir Dalvíkurbyggðar*

**Daglegar  
fréttir**

af íslenskum  
sjávarútvegi

[audlindin.is](http://audlindin.is)

**AUÐLINDIN**

Auglýsingasími 898 8022  
inga@ritform.is

Óskum landsmönnum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári

AUÐLINDIN

ÆGIR

atlantic

Sóknarfæri

RITFORM

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ritform.is



■ Trausti Árnason, framkvæmdastjóri Vélfgags ehf., býður Elías Jónsson velkominn í starfsmannahóp félagsins.



■ Húsnæði Vélfgags ehf. á Akureyri.

# Nýr í þróun- arteymi Vélfgags

Elías Jónsson hefur gengið til liðs við fyrirtækið Vélfgag sem sérfræðingur í vöru- og tæknipróun og mun leiða frekari þróun á vatnsskurðar- og gervigreindarlausnum fyrir UNO lausnina, sem er byltingakennd nýjung í fiskvinnslu.

Elías er reyndur sérfræðingur í gervigreind og vatnsskurðartækni og kemur hann til Vélfgags frá Marel og áður Völku, þar sem hann hefur þróað vatnsskurðarlausnir síðastliðin fjögur ár en þar á undan vann hann hjá ROSS Intelligence í San Francisco við þróun gervigreindarlausna.

## Framsýnt fyrirtæki

„Vélfgag er framsýnt fyrirtæki sem er tilbúið að ryðja slóðir sem enginn hefur rutt áður. Það hefur verið gaman að fylgjast með þeim metnaðarfullu plönnum sem fyrirtækið hefur sýnt á síðastliðnum árum og sjá þau verða að veruleika með tilkomu UNO vélarinnar. Það er því mjög spennandi að vera hluti af þeirri frábæru og metnaðarfullu vegferð sem Vélfgag er á og hjálpa Vélfgagi að móta framtíð sjávarútvegs í heiminum,” segir Elías.

Trausti Árnason, framkvæmdastjóri Vélfgags fagnar komu Elíasar til félagsins.

„Vélfgag er að stíga stór skref um þessa mundir með UNO lausninni og liður í því er að stækka og styrkja hópinn til að takast á við áskoranir markaðarins. Elías er mikill fengur og styrkur á þessum tímamarki fyrir næstu skref í þeirri vegferð.“

velfag.com



*Óskum landsmönnum  
gleðilegra jóla og  
farsveldar á árinu 2025*

**Háðu varnarbaráttuna  
gegn sýkingum, smiti  
og kostnaði með einu  
heildstæðu kerfi**

ALVAR úðakerfin dreifa þéttum sóttþreinsandi úða í valin rými verksmiðju út frá því hvað er hagkvæmast fyrir stærð hvers rýmis. Þéttur úðinn tryggir djúpa sóttþreinsun á búnaði, alveg niður í minnstu glufur milli véla.

Með ALVAR kerfi er framleiðsla og orðspor fyrirtækisins tryggari og matvælaöryggi stórbætt. Þá dregur ALVAR úr vatns- og efnanotkun.

ALVAR Mist Core kerfið sóttþreinsar sjö þúsund fermetra verksmiðju á aðeins 30 mínútum, dregur úr vatnsnotkun um meira en 90% og minnkar efnanotkun um meira en 70%. Sóttþreinsunin útheimtir enga viðbótar vinnu starfsfólks.

Fjárfestingin í ALVAR borgar sig að jafnaði á innan við ári.



**ALVAR**

Iceland  
ALVAR Mist ehf.  
Fiskislóð 37 B  
101 Reykjavík  
info@alvar.is  
+354 550 8300





# Jólasíðir nær og fjær

**Jólasíðir eru ólíkir eftir löndum og raunar héruðum innan einstakra ríkja. Hér eru nokkur dæmi um forna jólasíði sem tilheyrðu gamla bændasamfélaginu en eru nú ódum að hverfa í gleymiskunnar dá.**

## Ljós í glugga í Noregi

Í Noregi neytir heimilisfólkið góðrar máltíðar þegar komið er frá kirkju. Víða er ljós látið loga í glugga til þess að bjóða velkominn hvern þann ferðalang, sem kann að vera matar eða hvíldar þurfi. Auðvitað er jólatréð haft í hávegum þar í landi en auk þess er það forn síður í Noregi að bera gamalt vagnhjól inn í stofuna á aðfangadag, skreyta það með greni og rauðum borðum og setja snóturt kertaljós við hvern tein eða hjólrím.

## Pólverjar huga að fyrstu stjörnunni

Í Póllandi eru einkennilegir og framandi jólasíðir algengastir upp til sveita. Þar í landi var t.d. algengt að strá einiberjarkvistum fyrir framan útidyrnar og setja hey í jötu í eitt horn stofunnar til að minna menn á fæðingu frelsarans. Gjarnan safnast öll fjölskyldan saman við gluggann til að gá að fyrstu stjörnunni áður en sest er að borðum.

## Grikkir tefja illa anda

Í Grikklandi tíðkast mjög skemmtilegur jólasíður en þá er sem mestu korni korni stráð framan við útidyr og er trú manna sú að illir andar komist ekki inn nema telja fyrst hvert einasta korn. Vonin er sú að hinn illi andi geti ómögulega lokið við talninguna á einu aðfangadagskvöldi – og komist þess vegna ekki inn til að spilla friðnum og jólahelginni.

## Englendingar mettir á jóladag

Þar um slóðir gerist nú ekki annað sjálft aðfangadagskvöldið en að jólatréð er skreytt og börnin látni fara snemma í rúmið. En angarnir litlu gleyma samt ekki að hengja sokkana sína við fótagaflinn á rúminu, svo að jólasveinninn góði, sem er á ferðinni þessa nótt, geti fyllt þá með leikföngum, sælgæti og ýmsum öðrum dásamlegum hlutum. Aðal jólamáltíð enskra er kl. 13:00 á jóladag en þá safnast öll fjölskyldan í kringum fylltan kalkún og rjúkandi plómubúðinginn.

## Kampavín hjá Frökkum

Um allt Frakkland eru kirkjurnar uppljómaðar á aðfangadagskvöld og allir sem vettlingi geta valdið halda til messu á miðnætti. Litlu börnin hengja ekki sokkana

sína á rúmgaflinn eins og í Englandi, heldur setja þau skóna sína við ofn eða arin og óska þess að þeir verði fullir af gjöfum og góðgæti þegar dagur rennur. Frakkar hafa orð á sér fyrir að vera heima-kærir með afbrigðum en þetta eina kvöld ársins sækja þeir út og láta þá kampavinið gjarnan glitra í glasi sínu. Allt þetta minnir mest á gamlárskvöld hér heima.

## Þýskaland – land jólatrjána

Frá Þýskalandi er upprunalega kominn sá síður, sem tíðkast nú um alla Norður-Evrópu, að bera grenitré inn á heimilið, skreyta það og kalla jólatré. Það var trú manna, að góðir andar héldu til í hinum fögru og sígrænu greinum þess og það væri því hyggilegt að bjóða þessum öndum heim á jólnum; þeir færðu frið og gleði inn á heimilið. Í Þýskalandi eru það hvorki heilagur Nikulás né sánkti Kláus, sem færa börnunum gjafir, heldur Kristsbarnið sem er ofurlitil hvítklædd stúlka með gullkórónu á höfði og með gullna vængi.

## Steikt gæs hjá Dönum

Þau eru áreiðanlega ekki mörg heimilin í Danmörku þar sem ekki er steikt gæs á borðum á aðfangadagskvöld. Á sumum heimilum eru sagðar sögur eftir máltíðina en á öðrum heimilum les einhver jólaævintýri eftir H. C. Andersen fyrir við-



stadda. Eftir jólamáltíðina skipa börnin sér í röð fyrir framan herbergið þar sem jólatréð stendur til að opna gjafirnar. Á sumum heimilum eru jólagjafirnar faldar hér og hvar um allt húsið.

## Syngjandi prestar í Belgíu

Um Belgíu ferðast jólasveinninn á hreindýrslæða – hvað annað? Til þess að hreindýrin svelt ekki fylla börnin diskana sína með höfnum og láta þá standa úti á hlaði yfir jólanóttina. Að morgni jóladags eru hafrarnir horfnir, en í þeirra stað hafa gjafir verið lagðar á diskana. Í Belgíu fara syngjandi börn í hópum um göturnar og veifa fánum og þar má einnig sjá syngjandi presta í fullum skrúða bera fyrir sér krossmörk og dýrlingamyndir.

## Lífsins tré í Kína

Á kínversku nefnast jólin Sheng Dan Jieh eða Hátíð hinnar helgu fæðingar. Kirkjur og heimili eru skreytt með trjám og



bréfskrauti. Kinverjar nefna jólatré „lífsins tré“. Þau eru skreytt með hvítum bómullartægjum, gerviblómum og marglitum festum. Engir réttir eru fram reiddir á jólinum en stundum koma nokkrar fjölskyldur saman til snæðings og er þá ógrynni matar á borðum.

## Tékkneskur silungur á jólum

Í Tékklandi trú þau börnin því að heilagur Nikulás komi niður til jarðar á gullnum vað hinn 6. desember. Á aðfangadag er einskis neytt en börnunum lofað því að þau skuli fá gullsvín um kvöldið. Svínin eru þó ekki annað en skuggarnir á veggjum en hinn hefðbundni steikti silungur fram borinn. Á jóladag er hins vegar oftast steikt svínflesk til matar.

## Hollensk börn á tréskóm

Í Hollandi eru það hópar fáránlega klæddra manna sem setja mestan svip sinn á jólahaldið. Gangi þeir syngjandi hús úr húsi. Heilagur Nikulás ríður um landið á Sleipni, hesti Óðins, og þar sem hann hefur farið um, geta góðu börnin vænst þess að finna fallegar gjafir í stóru tréskónum sínum.

## Fábrotin jól á Indlandi

Á Indlandi vaxa engin jólatré, nema í fjöllum, og verða menn því að láta sér nægja gervijólatré, sem búin eru til úr stráum bómullarjurtarinnar, kaðaltægjum og grænu laufi. Að öðru leyti er jólahald Indverja jafn innilegt og fábrotið og hið hversdagslega líf þeirra.

## Jólanorn á Ítalíu

Á Ítalíu stendur jólahátíðin yfir í þrjár vikur. Hefst hún átta dögum fyrir jól og varir fram á þrettándann. Á Ítalíu er enginn jólasveinn en þar er það La Befana, gömul tötrum klædd norn, sem ríður milli húsa á sópskafti. Jólatré tíðkast ekki á Ítalíu en mikið er um blóm í kirkjum og á heimilum. Á aðfangadag eta Ítalir capitone eða gufusoðinn ál en á jóladag halda þeir sannkallaða veislu og eru þá 24 réttir bornir á borð auk fjölmargra kökutegunda.

## Kjúklingajól í Japan

Flestir Japanir snæða Kentucky Fried kjúkling á jólum. Meðal kristinna manna þar í landi tíðkast sömu jólasíðir og í hinum vestlægari löndum. Jafnvel jólasálmarnir hafa verið þýddir á japönsku, afar stór jólatré skreyta stærstu verslunarhúsin en minni tré eru gjarnan í smærri verslunum og heimahúsum.

## Lappar á faraldsfæti

Þegar liður að jólum stefna Lappar hreindýrahjörðum sínum til næsta kirkjustaðar og mynda þorp. Er þar setið um kyrrt fram yfir páska. Jólahátíð Lapplendinga er eingöngu trúarhátíð. Þar eru engin kerti, enginn jólasveinn og engin leikföng handa börnunum. Meðan setið er um kyrrt í þorpinu ganga börnin í skóla en eftir páskana eru hjarðirnar aftur reknar út í óbyggðir og lýkur þar með skólavist barnanna.

# Matvælavottaðar efnavörur

Hágæða smur og hreinsiefni sem henta fyrir krefjandi og erfiðar aðstæður í matvinnslum bæði á sjó og landi.



**3M** | **PELTOR™**

## 3M PELTOR WS LiteCom PRO III



Heyrnarlíf með innbyggð samskiptakerfi og Bluetooth multipoint tengimöguleika. Sterklega byggð heyrnarhlíf fyrir krefjandi aðstæður og hávaðasama vinnustaði þar sem samskipti þurfa að vera í lagi.

**Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári**



■ Flensborgarhöfn verður unaðsreitur í hjarta Hafnarfjarðar þar sem mun þrífast saman iðandi athafnalíf og kyrrlátt borgarsamfélag.



■ Opin almenningsrými verða á milli húsanna.

# Flensborgarhöfn

– lágstemmd byggð í anda sögunnar

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur lokið kynningu á tillögu hafnarstjórnar og skipulags- og byggingarráðs bæjarins um nýtt deiliskipulag fyrir Flensborgarhöfn en svæðið, sem er um 4,4 ha, afmarkast af Strandgötu, Fornubúðum og sjó. Nokkrar athugasemdir bárust og hafa bæjaryfirvöld þær nú til skoðunar en búast má við að tillagan verði endanlega samþykkt í bæjarstjórn án verulegra breytinga. Lítum aðeins á forsögu málsins.

## Samvinnun bæjar og hafnar

Það var árið 2018 sem efnt var til opinna samkeppni um nýtt rammaskipulag fyrir svæðið og fengu tvær tillögur frá sænski og hollenski teiknistofu 1. verðlaun. Þeirra hugmyndir voru í framhaldinu yfirfærðar í nýtt rammaskipulag fyrir svæðið og framhaldi af þeirri vinnu hefur verið útfært í nýtt deiliskipulag sem arkitektastofurnar Batterið og JVST hafa unnið í góðri samvinnu við hafnarstjórn og skipulagsyfirvöld. Niðurstaðan er glæsileg tillaga um uppbyggingu smábátahafnar þjónustu, menningar- og verslunar í bland við íbúðahúsnæði í lágstemmdri byggð við hafnarsvæðið. Þá er einnig útfærð tillaga að nýrri smábáthöfn, hamarshöfn, sem mun liggja undir Vesturhamri, inn að ípróttahúsinu við Strandgötu.

Í greinargerð með deiliskipulagstillögunni segir að markmið vinnunnar hafi verið að „auka samtvinnun bæjar og hafnar með þéttari og blandaðri byggð í sátt við aðliggjandi hverfi og hafnarstarfsemi. Stefnt var að því að skapa heildstæða byggð í anda sögunnar og þeirra umhverfisgæða sem eru fyrir hendi með breyttri landnotkun og bættri nýtingu innviða. Skipulagstillagan leggur áherslu á anda staðarins, hágæða almenningsvæði, aukid lífríki, græna samgöngumáta og fjölbreyttan arkitektúr,“ eins og þar segir.

## Helstu viðfangsefni og markmið

Í kynningarbæklingi segir um helstu viðfangsefni og markmið tillögunnar að ætlin sé að breyta heildaryfirbragði svæðisins með bættri nýtingu þess. „Við uppbyggingu svæðisins verði tekið tillit til sérkenna þess og sérstöðu í bæjarmynd



■ Núverandi aðstæður í Flensborgarhöfn. Hún er mikilvæg höfn fyrir báta í smáutgerð og frístundabáta.

”

**Skipulagið tekur mið af því að lífið í nýju íbúða- og þjónustuhverfi verði samofið áframhaldandi starfsemi á höfninni þannig að sögu sjósóknar í Hafnarfirði sé viðhaldið og gerð góð skil.**

Hafnarfjarðar. Gæði, sjálfbærni og verðmæti svæðisins verði aukið með betri landnýtingu, þéttari byggð og bættu umhverfi og lífsgæðum fyrir notendur og íbúa. Áhersla verði lögð á aðlaðandi yfirbragð byggðarinnar, vandaðan frágang bygginga, opin bæjarrými og lifandi starfsemi á hluta jarðhæða sem skapi fjölbreytt mannlíf.“

Einnig segir að „umferðartengingar inn á svæðið verði bættar með umferðaröryggi að leiðarljósi. Góð tenging verði við aðliggjandi svæði og miðbæ með stíguum fyrir gangandi og hjólandi. Gott aðgengi verði að smábáthöfninni og umferðarflæði við Sudurhöfn verði áfram tryggt í sátt við nýja uppbyggingu.“ Þá segir að markmiðið sé að „skipuleggja einfalt og hagkvæmt gatna- og stígakerfi (göngu- og reiðhjólaleiðir) sem þjóni byggðinni á sem bestan og öruggastan hátt með áherslu á gott aðgengi allra og að stuðla umhverfisvænum og sjálfbærum lausnum í innviðum hverfisins og á sérhverri lóð t.d. með ívilnunum og/eða hvötum fyrir þá sem byggja vistvænar og vottaðar bygg-

ingar.“ Þá er tekið fram „að skipulagsgerð og ákvarðanataka verði í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem byggir á efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum stöðum sjálfbærrar þróunar.“

## Órjúfanlegur hluti af sjávarútvegnum

Allir Hafnfirðingar vita að Flensborgarhöfn hefur í gegnum tíðina verið órjúfanlegur hluti sjávarútvegs og útgerðar í bænum. Þrátt fyrir að iðnaðarhlutverk svæðisins hafi verið víkjandi síðustu áratugina er ímynd hafntengdrar starfsemi sýnileg á svæðinu og lifandi í hjörtum bæjarbúa. Á þessu svæði er t.d. árlega haldið upp á Sjómannadaginn, þar sem gestum og gangandi býðst að heimsækja Hafnarfjarðarhöfn og kynna öllu því sem er boðið upp á í nágrenni hennar. Á svæðinu er m.a. að finna Íshús Hafnarfjarðar, sem var áður öflugt hraðfrystihús og fiskvinnsla og einnig Slippurinn og Dráttarbrautin sem eru síðustu minningarnar um skipasmíði og fjörutengingu í miðbæ Hafnarfjarðar frá dögum Bjarna Riddara.





■ Gönguleiðir innan skipulagsins.



■ Skipulagssvæðið afmarkast af Strandgötu, Fornubúðum og sjó.



■ Húsin í Flensborgarhöfn verða nútímaleg með skírskotun í söguna hvað varðar form, liti, þakgerð og framhliðar.

Í greinargerðinni með deiliskipulagsbreytingunni er hugmyndunum lýst svo: „Tillaga deiliskipulagsins einkennist af lífrænu skipulagi með lágreistum húsum og

vistgötu sem hlykkist á milli og skapar fallega þorpsstemningu. Hús sem eru klædd timbri og málmklæðningum endurspeglar hefðbundnar byggingaraðferðir. Hallandi

þök bæta við kraftmiklum karakter og opið byggðarmynstur tryggir sjónrænar tengingar við vatnið og eykur samspil hins byggða umhverfis og hafnarinnar. Þessir

þættir stuðla saman að einstökum sjarna Flensborgarhafnar.“

Þá segir einnig að Flensborgarhöfn sé líflig smábátahöfn þar sem skemmtileg blanda smábátahöfn, frístundabáta og æskulýðs og félagsstarf setji mark sitt á mannlíf og yfirbragð svæðisins. „Skipulagið tekur mið af því að lífið í nýju íbúða- og þjónustuhverfi verði samofið áframhaldandi starfsemi á höfninni þannig að sögu sjósóknar í Hafnarfirði sé viðhaldið og gerð góð skil. Í þessu felast mikil verðmæti sem halda skal í og taka tillit til við þróun og uppbyggingu skipulagsins.“

#### Opin svæði og skýrar sjónlínur

Þegar rýnt er í deiliskipulag Flensborgarhafnar er ljóst að hugmyndin er innblásin af sögulegu byggðarmynstri Hafnarfjarðar og er ætlað að skapa góða tengingu á milli húsa og auðga mannlífið á milli þeirra. Í stað afgirta lóða er lögð áhersla á opið flæði og gott aðgengi um svæðið í heild. Skipulagið gerir ráð fyrir svokölluðu „hafnarþoppi“ sem er sérhannað steinlagt yfirborð fyrir svæðið allt. Markmiðið er að við lesum svæðið sem eina heild þó að markað sé í yfirborðið fyrir vistgötu, lóðamörkum, bílastæðum og svo framvegis. Inn á milli verða síðan græn svæði og svo auðvitað trébryggjur og bakkar þar sem verða bekkir og fleira sem laðar að fólk í rólega göngutúra þar sem hægt er að fylgjast með starfsemi í höfninni og njóta nálægðar við sjóinn. Flensborgarstræti liggur eftir svæðinu öllu frá austri til vesturs og tengir ólíka hluta þess og stuðlar um leið að lífligu en notalegu umhverfi þar sem gangandi, hjólandi og ökutæki deila rýminu.

„Að viðhalda sjónlínunum í gengum Flensborgarhöfn er eitt af lykilatriðum skipulagsins. Þær tryggja að íbúar og gestir hafi skýra tengingu við höfnina og eykur jákvæða upplifun. Þetta miðar einnig að því að lágmarka eins og hægt er skerðingu útsýnis nálægrar byggðar,“ segir í lýsingu með skipulaginu.

hafnarfjordur.is

**JRC**

**SIMBRAD**  
Fyrir sjálfbærar fiskveiðar

**KONGSBERG**

**JOTRON**  
Performance for Life

**Hytera**

**Olex**

**Sperry Marine**

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Askalind 2  
201 Kópavogur

**Simberg**  
Sími: 414-4414

www.simberg.is  
simberg@simberg.is



■ Drift EA hleypt af stokkunum með formlegum hætti á dögnum. Frá vinstri: Eivind Molvær og Kristina Giske eigendur Vest Studio hönnunarstofunnar í Álasundi í Noregi sem hönnuðu merki Driftar EA, Þorsteinn Már Baldvinsson, stofnandi Driftar og forstjóri Samherja, Sesselja Barðdal Reynisdóttir, framkvæmdastýra Driftar, Kristján Vilhelmsson, stofnandi Driftar og útgerðarstjóri Samherja og Kristján Þór Júlíusson, stjórnarformaður Driftar.

# Frumkvöðla- og nýsköpunarsetrið Drift EA formlega tekið til starfa

„Þetta fer ótrúlega vel af stað og af meiri krafti en nokkur þorði að vona,“ segir Sesselja Barðdal Reynisdóttir, framkvæmdastýra frumkvöðla- og nýsköpunarsetursins Driftar EA sem hleypt var af stokkunum fyrir ári síðan. Drift EA er til húsa í miðbæ Akureyrar, í Landsbankahúsinu svonefnda við Ráðhústorg. Drift EA býður upp á heildstætt stuðningsumhverfi fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki með sérstaka áherslu á verkefni sem styðja við vöxt og þróun á Eyjafjarðarsvæðinu. Í boði er ráðgjöf, glæsileg vinnuástaða, aðgangur að öflugum tengslaneti og aðstoð við fjármögnun.

Starfsemin er tvíþætt. Annars vegar verða valin inn frumkvöðlaverkefni sem fá viðtæka aðstoð við að koma sér áfram og hins vegar er boðið upp á vinnuástöðu og samfélag fyrir fólk sem hefur gagn og gaman af því að vera í nálægð við skapandi umhverfi.

Stofnendur Driftar EA eru frændurnir Kristján Vilhelmsson og Þorsteinn Már Baldvinsson en á liðnu ári voru liðin 40 ár frá því gengið var frá kaupum á Samherja hf. og starfsemin félagsins hófst á Akureyri. Drift EA

var stofnað í tilefni þeirra tíma-móta og í þakklætisskyni við íbúa og fyrirtæki á starfssvæði Samherja. Og einnig með þá von í brjosti að til verði ný fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu sem geri svæðið enn öflugra.

Fjárfestingarfélagið Kaldbakur á húsnæðið og er með sína starfsemi á annarri hæð hússins. Drift EA hefur þriðju og fjórðu hæð til umráða, samtals um 600 fermetra. Húsnæðið hefur allt verið endurnýjað og er hið glæsilegasta. Landsbankinn er enn starfandi á þeirri fyrstu en flytur sína starfsemi annað á nýju ári.

## Ávinningur af samstarfi

Drift EA hefur þegar gert samkomulag um samstarf við Háskólann á Akureyri, en í janúar næstkomandi tekur Svava Björk Ólafsdóttir sérfræðingur í nýsköpun og vistkerfi frumkvöðla til starfa við háskólann og mun Drift njóta góðs af hennar störfum. Svava Björk gegnir stöðu verkefnastjóra frumkvöðla og nýsköpunar en hún býr yfir viðtækri þekkingu á því sviði. Sesselja segir mikinn feng fyrir Drift að fá hana um borð og væntir mikils af samstarfinu.



■ Drift EA var á dögnum formlega ýtt úr vör og kom fjöldi fólks saman í húsnæðinu til að fagna þessum tímamótum.



■ Landsbankahúsið við Ráðhústorg á Akureyri fær nú nýtt hlutverk.

Drift hefur einnig gert samning við sænska félagið Sting, sem sinnt hefur nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi í Svíþjóð í tvo áratugi. Sting á orðið hlut í fjölda fyrirtækja sem hafa orðið til með stuðningi þess. „Samningurinn við Sting mun skila okkur hraðar að markmiðum okkar,” segir Sesselja og bætir við að óþarft sé að finna upp hjól sem þegar er til. „Nýsköpunarráðuneytið styður okkur í því að færa þessa þekkingu til Íslands og erum við mjög þakklát fyrir þann stuðning.”

Loks má nefna að gerðir hafa verið samningar við sex fyrirtæki á Akureyri sem leggja fram krafta sína, m.a. með því að miðla þekkingu og veita leiðsögn til frumkvöðla.

„Drift verður eins konar brú á milli frumkvöðlanna, atvinnulífsins og fræðasamfélagsins. Við munum nýta alla þá þekkingu og reynslu sem fyrir er í samfélaginu hér um slóðir til að efla það hugvit sem í fólkinu býr og hvetjum það til að hugsa stórt. Með því að leggjast saman á árunar væntum við þess að takist að skapa ný og öflug fyrirtæki sem koma okkur öllum til góða þegar fram líða stundir. Samfélagið verður auðugra, fjölbreytni eykst og svæðið verður eftirsóknarverðara til búsetu,” segir Sesselja.

#### Frumkvöðlar að störfum í Hlunninum

Hlunnurinn er heiti á þeirri starfsemi sem verður á þriðju hæð hússins. Þar er aðstaða fyrir hóp frumkvöðla sem vinna að því að koma sinni hugmynd á rekspöl með það lokamarkmið að úr verði fyrirtæki. Þeir njóta stuðnings í margvíslegu formi við það verk-

efni og hafa aðgang að kjarnateymi sem samanstendur af starfsfólki fyrirtækja sem þegar eru í rekstri, m.a. á sviði hönnunar, lög- eða verkfræði sem og einnig starfsfólki úr Háskólanum á Akureyri.

Sesselja segir að fyrsti hópurinn hafi þegar farið í gegn „við höfum ekkert auglýst en okkur hafa borist margar hugmyndir. Alls voru 14 verkefni valin inn. Nú þurfum við að leggjast yfir þessi verkefni, veita og meta og velja nokkur til áframhaldandi þróunar hér inni. Það verður örugglega erfitt því þetta eru mjög flott og frambærileg verkefni,” segir hún.

#### Undir handleiðslu í eitt ár

Þeir sem veljast til áframhaldandi veru hjá Drift geta unnið að sínum verkefnum undir hand-

leiðslu fólks úr kjarnateyminu í allt að eitt ár. „Þetta er mjög vel í lagt og eiginlega fátítt að í boði sé svo þétt og hnitmiðuð leiðsögn á vegum einkaaðila. Oftast eru það opinberir aðilar sem styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi. Við erum mjög stolt af því að bjóða upp á svo öfluga starfsemi og væntum þess auðvitað að árangurinn verði góður. Ég er sannfærð um að margir draumar eiga eftir að rætast.”

#### Messinn verður suðupottur

Á fjórðu og efstu hæð hússins er rými sem kallast Messinn og er fyrir þá sem vilja starfa tíma- bundið í nálægð við þá starfsemi sem fram fer í húsinu; einyrkja, listamenn eða fólk sem vinnur að skapandi verkefnum. „Við »

## Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á árinu 2025



www.stf.is

### Daglegar fréttir

af íslenskum sjávarútvegi

audlindin.is

AUÐLINDIN

Auglýsingasími 898 8022  
Inga@ritform.is

## Það borgar sig að vera í stjórnendafélagi!

Ert þú í stjórnunarstöðu hjá fyrirtæki eða starfsmaður sem hefur mannaforráð?

Ert þú einyrki og stundar sjálfstæða atvinnustarfsemi?

Aðildarfélög Sambands stjórnendafélaga eru sjö talsins um land allt.

Félagsmenn eiga rétt á aðstoð úr einum besta sjúkrasjóði landsins og njóta styrkja úr einum öflugasta menntasjóði landsins til að sækja sér aukna menntun í starfi.

Kannaðu hvort þú eigir erindi í eitthvert af sjö aðildarfélögum STF.

**Við tökum vel á móti þér!**



■ Kristján Vilhelmsson, stofnandi Driftar og Arnar Snorrason, framkvæmdastjóri Sæplasts, ræða saman á opunarhátíðinni.



■ Starfsemin Driftar er tvíþætt. Annars vegar verða valin inn frumkvöðlaverkefni sem fá viðtæka aðstoð við að koma sér áfram og hins vegar er boðið upp á vinnuástöðu og samfélag fyrir fólk sem hefur gagn og gaman af því að vera í nálægð við skapandi umhverfi.



■ Frá opnun Driftar. „Með því að leggjast saman á áráttar væntum við þess að takist að skapa ný og öflug fyrirtæki sem koma okkur öllum til góða þegar fram líða stundir. Samfélagið verður auðugra, fjölbreytni eykst og svæðið verður eftirsóknarverðara til búsetu,“ segir Sesselja Barðdal.

erum að opna möguleika og aðstöðu fyrir fólk sem vinnur að fjölbreyttum og spennandi verkefnum, til að koma saman á stað þar sem hægt er að bera saman bækur sínar og eiga uppbyggileg samskipti við aðra,“ segir Sesselja. Nú hefur verið opnað fyrir umsóknir fyrir þá sem vilja koma sér fyrir í Messanum og um að gera fyrir þá sem ætla sér að starfa þar á næsta ári að senda inn umsókn.

gott og öflugt start við fáum. Það er verið að vinna að mjög flottum verkefnum sem ég er sannfærð um að eigi eftir að glæða samfélagið lífi. Vissulega þarf ákveðið hugrekki til að stökkva af stað með hugmynd sem fólk veit í raun ekki hvernig muni reida af þannig að ég er mjög stolt af því fólk sem hefur það. Hefur ýtt hugmynd sinni úr vör og er að máta hana við raunveruleikann.“

driftea.is

**Frjótt og skapandi umhverfi**

Sesselja segir forvitnilegt að fylgjast með framvindu þeirra verkefna sem þegar eru komin af stað. „Ég vissi að fyrir hendi væri frjótt og skapandi umhverfi fyrir norðan og er ánægð með hversu

# HÖFUM ÞJÓNUSTAÐ ÍSLENSKAN IÐNAÐ Í MEIRA EN 60 ÁR

ÁLFHELLU 12-14  
HAFNARFIRÐI  
SÍMI 533 5700

ÁRSTÍG 6  
AKUREYRI  
SÍMI 460 1500

FERROZINK@FERROZINK.IS  
FERROZINK.IS

SANDBLÁSTUR & MÁLMHÚÐUN  
**FERROZINK**



— \* —  
*Gleðilega  
hátíð*  
—

*Marport óskar viðskiptavinum sínum  
sem og landsmönnum öllum gleðilegrar  
hátíðar og farsældar á nýju ári.*

MARPORT


TÓNAHVARF 7 | KÓPAVOGUR

MARPORT


MARPORT.COM

 ICELAND

 USA

 SPAIN

 NORWAY

 FRANCE

 SOUTH AFRICA

 UK

Kjörgripur í jólabókaflóði ársins

# Tíu frumherjar í húsagerðarlist

Ein áhugaverðasta fræðibókin í nýhöfnu jólabókaflóði er ritið **Frumherjar** eftir Björn G. Björnsson rithöfund og leikmyndahönnuð en hann hefur lagt margt gott til útgáfu bóka um byggingarlistina á síðustu árum. Skemmst er að minnast bókar hans um fyrsta arkitektinn á Íslandi, Rögnvald Ólafsson og síðast bókarinnar Húsameistari í hálföld þar sem saga Einars I. Erlendssonar er rakin í máli og myndum.

Þessi nýja bók Björns fjallar um frumherja í íslenski húsagerð sem fæddir voru fyrir aldamótin 1900, fimm í Reykjavík og fimm úti á landi. Þeir eru Pétur Ingi-mundarson, Jens Eyjólfsson, Finnur Thorlacius, Jóhann Fr. Kristjánsson, Guttormur Andrésson, Þorleifur Eyjólfsson, Sigurður Pétursson, Sveinbjörn Jónsson, Sigmundur Halldórsson og Guðmundur H. Þorláksson.

Allir lærðu þessir snillingar fyrstu handtökin í smíðunni heima, fóru síðan í

iðnskóla eða í smíðanáms hjá góðum meisturum, luku við sveinsstykkin sín og lögðu síðan stund á sitt fag í teiknskóla í Kaupmannahöfn, Noregi eða í Þýskalandi. Björn G. Björnsson rekur sögu þessara manna sem tindust heim á fyrstu áratugum nýrrar aldar með ólíka reynslu í far-teskinu og gerðust húsasmiðir, byggingarmeistarar og kennarar. Fram kemur í bókinni að fimm þessara manna öðlast síðar viðurkenningu sem fullgildir arkitektar en allir eiga þeir sín öndvegisverk;



■ Í bókinni **Frumherjar** eftir Björn G. Björnsson er fjallað um 220 hús. Í henni eru 590 ljósmyndir auk 175 húsateikninga.

byggingar sem bera hæfileikum þeirra fagurt vitni. Flestra þeirra njótum við enn.

Það er mikill fengur að þessari nýjustu bók Björns G. Björnssonar en hún rekur sögu 10 húsameistara sem reistu flestar sínar draumahlallir í morgunbirtu steinsteypuáldar. Í bókinni er fjallað um 220 hús, í henni eru 590 ljósmyndir auk 175 húsateikninga.



## Laugaskóli – Jóhann Franklín Kristjánsson

Héraðsskólinn á Laugum er höfundarverk Jóhanns Franklín Kristjánssonar, teiknaður árið 1925. Hann teiknaði einnig Húsmæðraskólann á Hallormsstað. Jóhann lauk námi frá Noregi 1914 og fór víða um sveitir á sínum starfsferli. Hann starfaði lengst af hjá Búnaðarsambandinu og síðar Teiknistofu landbúnaðarins.



## Aðalstræti – Sveinbjörn Jónsson

Glæsihús við Aðalstræti 72 á Akureyri frá 1933. Sveinbjörn Jónsson var brautryðjandi funkis á Akureyri og hann teiknaði og reisti m.a. KEA húsið þar í bæ, hús Minjasafnsins við Aðalstræti 58, Skjaldborgarhúsið og Kaupangskirkju í Eyjafirði. Sveinbjörn gerðist síðar umsvífamikill iðnrekandi í Reykjavík.



## Hjallakirkja – Þorleifur Eyjólfsson

Hjallakirkja í Ölfusi frá árinu 1928 eftir Þorleif Eyjólfsson. Kirkjan, sem er steinsteypt, skartar sérkennilegu, kúpulaga turnþaki. Þorleifur varð fyrstur íslenskra húsameistara til að leita sér menntunar í Þýskalandi. Hann hannaði m.a. Oddfellowhúsið við Vonarstræti og verslunar- og íbúðarhús Guðsteins Eyjólfssonar að Laugavegi 34.



## Grettisgata 11 – Jens Eyjólfsson

Húsið við Grettisgötu 11 teiknaði og reisti Jens Eyjólfsson byggingarmeistari árið 1908 fyrir sig og sína fjölskyldu. Afkomendur hans búa hér enn. Jens byggði talsvert eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar, m.a. Landakotskirkju og hús Nathans og Olsens við Austurstræti 18. Ljósmyndir. Björn G. Björnsson.




## Sendiráð – Finnur Ó Thorlacius

Kastalinn við Hverfisgötu 29. Finnur Ó. Thorlacius hannaði og reisti húsið árið 1913 fyrir Sturlubræður. Þar hefur sendiráð Dana verið til húsa frá 1919. Finnur stundaði nám í Danmörku og heimkominn hóf hann kennslu í Iðnskólanum og stóð einnig fyrir smíði margra stórbygginga, m.a. fyrsta hluta Landspítalans.



## Korpúlfsstaðir – Guðmundur H. Þorláksson

Korpúlfsstaðir. Þetta einstæða hús í íslenski sveit byggði Guðmundur H. Þorláksson fyrir Thor Jensen árin 1925-1930. Húsið var reist eftir teikningum Guðmundar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts. Þarna voru 39 herbergi fyrir vinnufólk, matsalur fyrir 70 manns og pláss fyrir 300 mjólkandi kýr!



APÓTEK  
VESTURLANDS

**Óskum landsmönnum  
gleðilegra jóla og  
farsældar á árinu 2025**



Öll þjónusta við  
**skip og bátá**  
- með lyf og sjúkravörur



# Prentaða bókin er ekki dauð

■ Heiðar Ingi segir að útgáfa bóka fyrir jólin sé helsti styrkleiki bókaútgáfu á Íslandi. „Það er sérstaðan sem við höfum. Jólabókaflóðið er að hluta til gjafamarkaður sem er í samkeppni við aðra gjafavöru og þar hefur hin prentaða bók haldið stöðu sinni.“

Þetta árið eru 800-1000 bækur gefnar út hér á landi og segir Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, að jólabókaflóðið sé helsti styrkleiki bókaútgáfu á Íslandi. Hljóðbækur hafa í sumum tilfellum tekið við af hinni prentuðu bók en eru líka viðbót. Þær eru svo í samkeppni við aðra afþreyingu og segir Heiðar Ingi að prentaða bókin hafi staðist hinn rafræna heim. Stjórnvöld hafa ýmislegt gert til hjálpar bókinni en ýmis verk eru óunnin.

## Sérstaða og styrkleiki í jólabókaflóðinu

Jólabókaflóðið er nú í algleymingi og gerir Heiðar Ingi ráð fyrir að í ár hafi 800-1000 bækur verið gefnar út fyrir almennan markað og að rúmlega helmingur þeirra hafi verið gefinn út á síðustu fjórum mánuðum ársins. Meirihlutinn er prentaður erlendis og þá aðallega í Balkanlöndunum. „Vinnuafli er ódýrari í þessum löndum heldur en til dæmis á Norðurlöndunum og þar er komin ákveðin hagræðing vegna prentumfanga og þekkingar sem erfitt er að keppa við.“

Heiðar Ingi segir að útgáfa bóka fyrir jólin sé helsti styrkleiki bókaútgáfu á Íslandi. „Það er sérstaðan sem við höfum. Jólabókaflóðið er að hluta til gjafamarkaður sem er í samkeppni við aðra gjafavöru og þar hefur hin prentaða bók haldið stöðu sinni.“

Heiðar Ingi er spurður hvort hægt sé að leggja mat á hversu umfangsmikil atvinnugrein íslensk bókaútgáfa er þegar kemur að störfum og veltu. „Samkvæmt Hagstofunni var þessi atvinnugreinaflokkur að velta um fimm milljörðum árið 2023. Fleiri tengjast bókaútgáfu svo sem þeir sem starfa við dreifingu, útlit, hönnun og verðmætasköpun og er örugglega hægt að margfalda þessa fimm milljarða með þremur til að finna út hin hagrænu áhrif.“



■ „Ég held að stjórnvöld ættu að fjármagna og vera með okkur í því að vera með stöðugt átak í lestri og sérstaklega hvað varðar yngra fólk.“

## Stenst samkeppni við rafræna heiminn

Bókaútgáfa hefur eins og aðrar skapandi greinar verið í mikilli þróun og segir Heiðar Ingi að sú þróun taki auðvitað mikið mið af samfélagsbreytingum. „Þetta er misjafnt milli landa en hér á landi eru helstu breytingarnar margföldun á hlustun hljóðbóka. Hljóðbækur eru í samkeppni við aðra afþreyingu eins og Netflix og hlaðvörp. Tekjusamsetningin er allt önnur í þessum stafræna heimi og vanda málið er að þegar kemur að rafrænum tekjum þá fá réttthafar, bæði höfundar og útgefendur, miklu minni hlut heldur en

fyrir hefðbundna prentútgáfu.“

Heiðar Ingi segir að prentaða bókin standist samkeppni við hinn rafræna heim. „Hluti af þessum rafræna heimi er nýr markaður. Margir sem voru hættir að lesa bækur og höfðu ekki verið að lesa bækur hlusta nú á hljóðbækur og þá kemur nýr markaður inn. Þá er líka ákveðin skörun í þessu. En prentaða bókin er ekki dauð. Hún er auðvitað öðruvísi. Hún lifir ekki sama lífi. Hún hefur ekki sömu sérstöðu. Auðvitað hafa sölutölur fyrir prentaðar bækur eitthvað lækkað en hún lifir samt og er grunnfarsenda þessarar frumsköpunar. Ef höfundar og útgefendur

hefðu ekki þennan farveg til þess að gefa út ný skáldverk á prentuðu formi þá myndu ekki vera til afurðir fyrir hljóðbækur; það er ekki nema í undantekningartilfellum að gefin sé út frumsköpun á hljóðbók.“

## 80 verk hlotið Íslensku bókmenntaverðlaunin.

Íslensku bókmenntaverðlaunin hafa verið afhent í 35 ár og voru stofnuð á 100 ára afmæli Félags íslenskra bókaútgefenda árið 1989. „Þau gegna gríðarlega miklu hlutverki í íslenski bókmenningu og hefðu lagst af ef svo væri ekki. Frá »



# ECA lausn – hreinlætis- bylting í matvælaíðnaði



Centrego 5K200



Toucan eco eSpray

**Nú geta allir framleitt sitt eigið sóttgreinsis- og þvottaefni á staðnum, með rafgreiningu úr ferskvatni eða sjó og lítilsháttar salti.**

Hjá Ísblik fæst ECA framleiðslubúnaður í mörgum stærðum allt frá handhægum einingum fyrir heimilið upp í einingar sem þjónað geta stærstu matvælavinnslum og fiskiskipum.

Fjöldi klínískra rannsókna og vottana staðfesta virkni og öryggi ECA vatns.

Með því að framleiða ECA vatn á staðnum má losa sig við kemísk efni og plássfrekar umbúðir sem þarf að farga. Minkaðu kolefnisspor þinnar starfsemi og gangtu í lið með náttúrunni. Það er öllum til hagsbóta.

*Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári*

[www.isblik.is](http://www.isblik.is)

 **ÍSBLIK**

Ísblik ehf. - Sími 537 3331 - [isblik@isblik.is](mailto:isblik@isblik.is)

stofnun þeirra hafa 420 bækur verið tilnefndar til verðlaunanna og 80 bækur hlotið þau.

Sífelld koma nýir höfundar inn á ritvöllinn og segir Heiðar Ingi að það sé eins og að í DNA okkar Íslendinga sé að skrifa; að segja sögur og miðla sögum. „Útgefendur eru ekki í vandræðum með að leita handrita; það er miklu meira framboð a skáldskap heldur en hægt er að gefa út. Kosturinn við íslenska bókamarkaðinn felst kannski meðal annars í aðgangshindranirnar eru litlar eða engar. Ef handriti er hafnað er ekki flókið fyrir höfund að gefa út sjálfur en til dæmis á hinum Norðurlöndunum er erfitt að fá bækur í dreifingu nema í gegnum dreifingar fyrirtæki.

Núna finnst mér vera eftirtektarvert hve margir nýliðar og yngri höfundar eru að fá umfjöllun og gera sig gildandi og gaman að sjá þegar þeir eru á meðal þeirra sem eru tilnefndir til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.“

#### Ýmis verkefni óunnin

Stjórnvöld hafa ýmislegt gert sérstaklega á undanföllum árum til hjálpar íslenskum bókaútgefendum og vill Heiðar Ingi nota tækifærið og minnst á hlut Lilju Alfreðsdóttur í þeim efnum. „Ég man ekki eftir neinum öðrum menningarmálaráðherra sem hefur gert jafnmikið og hún fyrir íslenska menningu og þar af leiðandi bókaútgáfu. Hún brást við miklum erfiðleikum sem við glímdum við til ársins 2018 þegar heildarveltan hafði nánast hellingast á tíu árum. Þá fór hún í herferð til að afnema virðisaukaskatt af bókum sem síðan endaði í endurgreiðsluferfinu sem er það sama í bókaútgáfu og öðrum menningartengdum og skapandi greinum hér á landi. Og það sneri dæminu við þannig að veltan fór að aukast ásamt hljóðbókavæðingunni sem kom þá á sama tíma og hefur einnig notið góðs af endurgreiðslunni.

Auðvitað eru ýmis verkefni óunnin. Við erum með bókmenntastefnu sem komst ekki í gegn fyrir stjórnarslitin og þar eru 19 verkefni tilgreind sem þarf að fara í. Meðal



■ Ein þeirra bóka sem tilnefndar eru til Íslensku bókmenntaverðlaunanna að þessu sinni er nýjasta bók Evu Bjargar Áegisdóttur. Heiðar Ingi segir verðlaunin skipta gríðarlegu máli í íslensku bókmenningu.

annars er alveg ljóst að það er erfitt að halda úti ungmennabókaútgáfu af því að þar eru ekki sömu tekjumöguleikar. Markaðurinn gerir kröfu um lægra verð á barna- og ungmennabókum og ef þær fara inn á Storytel er hlutur útgefenda og höfunda rýr vegna þess að þær bækur eru alla jafna styttri en skáldverk fyrir fullorðna og fá því minni hlutdeild í því sem er til skiptanna. Lilja setti af stað útgáfustyrktarsjóðinn Auði til þess að jafna

þetta út og mér sýnist á nýjstu úthlutun úr launasjóði rithöfunda að þar séu fleiri barna- og unglingsbókahöfundar á lista en oft áður. Þá er einnig ljóst að útgáfa vandaðra fræðiritra stendur höllum fæti; markaðssvæði íslenskunnar er einfaldlega of smátt til þess að hægt sé að ætla viðamiklum verkum að standa undir sér.“

Heiðar Ingi segir að þrátt fyrir allt sé bókaútgáfa hér á landi blómleg. „Hún gegnir náttúrlega mikilvægu hlutverki í að

”

Samkvæmt Hagstofnunni var þessi atvinnugreinaflokkur að velta um fimm milljörðum árið 2023. Fleiri tengjast bókaútgáfu svo sem þeir sem starfa við dreifingu, útlit, hönnun og verðmætasköpun og er örugglega hægt að margfalda þessa fimm milljarða með þremur til að finna út hin hagrænu áhrif.“

viðhalda tungumálinu en ég tel að það þurfi að stórefla útgáfu á íslenskum bókmenntum erlendis sem og auka almenna hvatningu á lestri. Ég held að stjórnvöld ættu að fjármagna og vera með okkur í því að vera með stöðugt átak í lestri og sérstaklega hvað varðar yngra fólk.“

fibut.is



Við óskum viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökkum fyrir árið sem er að líða.



HÉÐINN

# *Pólakveðja*

Við sendum landsmönnum öllum, til sjávar og sveita,  
hátíðarkveðjur með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

**Tækniskólinn**   
skóli atvinnulífsins

# Íslandssaga á Suðureyri fagnar 25 árum

Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri, segir farsælast í ljósi reynslu fyrirtækisins að almennur byggðakvóti verði færður í fasta langtímasamninga

„Á þessum 25 árum hefur reksturinn stundum staðið tæpt en vendipunkturinn varð þegar við fengum sex ára fastan samning um byggðakvóta frá Byggðastofnun og gerðum einnig hráefnissamninga við nágranna okkar hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru. Með áframhaldi þessara samninga horfum við bjartsýn til komandi ára,“ segir Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækisins Íslandssögu á Suðureyri við Súgandafjörð en nú í desember fagnar það 25 ára afmæli. Samanlagður starfsmannafjöldi fyrirtækisins í vinnslu og útgerð er í dag tæplega 50 manns.

## Sami kjarni heimamanna frá upphafi

Á Suðureyri er löng hefð fyrir fiskvinnslu og útgerð og á þeim grunni tóku einstaklingar á Suðureyri höndum saman haustið 1999 og stofnuðu fyrirtækið Íslandssögu. Fyrirtækið keypti þann rekstur sem Básafell var með á Suðureyri; fiskvinnsluhús og bát með rösklega 90 tonna kvóta.

„Það var Guðmundur Kristjánsson, núverandi forstjóri Brims og þáverandi meirihluta-eigandi Básafells, sem hvatti okkur til að stíga þetta skref og seldi okkur þessa starfsemi út úr Básafelli. Hann átti mikinn þátt í því að af stofnun Íslandssögu varð og ég get sagt með ánægju að hann er einn sá sá besti sem ég hef átt við viðskipti við um ævina,“ segir Óðinn.

Í upphafi var reksturinn undir merkjum Íslandssögu en síðan eignaðist félagið útgerðina Norðureyri ehf. og hún er í dag eigandi Íslandssögu. Hluthafar eru sem fyrr stofnendurnir og fleiri sem bæst hafa í hópinn.

„Kjarninn í eigendahópnum er sá sami og í upphafi, þ.e. auk mín þeir bræður Guðni og Elvar Einarssynir en svo hafa eigendur útgerðarinnar Flugöldu ehf. hér á Suðureyri, Þórður Sigurvinsson og hans fjölskylda, komið sterkt inn í starfsemina með okkur á þessu tímabili. Við erum því og höfum alltaf verið fyrirtæki sem er byggt upp af heimamönnum og í aðaleigu heimamanna,“ segir Óðinn.

## Straumhvörf með langtímasamningi um byggðakvóta

Í dag ræður Íslandssaga yfir hátt í 1.200 þorskígildistonna kvóta og hefur því tæplega þrettánfaldað heimildarnar á þessum 25 árum. Þá er það með samning um byggðakvóta frá Byggðastofnun og gerir út línbátinn



■ Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri og Guðni Einarsson á afmælisfagnaði í Íslandssögu nú í desember. Þeir voru í hópi heimamanna á Suðureyri sem tók höndum saman um stofnun fyrirtækisins fyrir 25 árum.



■ Ný vinnslulína verður sett upp hjá Íslandssögu nú um jólin og er markmiðið að hefja vinnslu á ný þann 6. janúar 2025 með tæknivæddri vinnslu sem verði á pari við það sem best gerist í fiskvinnslum í dag.

Einar Guðnason ÍS sem fiskaði 2.400 tonn á síðasta fiskveiðiári. Íslandssaga er einnig með viðskiptasamninga um hráefni við aðrar heimaútgerðir smærri báta og þar á meðal er bátur útgerðarfyrtækisins Flugöldu, Hrefna ÍS. Og síðast en ekki síst er svo strandveiðiflotinn mjög mikilvægur í hráefnisöfluninni yfir sumarstímann enda Suðureyri meðal stærri staða í strandveiðum.

„Straumhvörfin urðu hjá okkur árið 2017-2018 með langtímasamningi við Byggðastofnun um sértækan byggðakvóta. Samhliða gerðum við samning við Hraðfrystihúsið Gunnvöru um að fá hráefni í vinnslu þegar við getum ekki róð vegna veðurs. Þetta tvennt gjörbreytti aðstöðu okkar og skilaði okkur miklu meiri stöðugleika í rekstri og betri afkomu. Þessi sex ára samningur við Byggðastofnun rann út í lok síðasta fiskveiðiárs og sem betur fer fengum við framlengingu á honum til næstu sex ára,“ segir Óðinn en að hans mati er það einmitt rétta leiðin með þennan sértæka byggðakvóta Byggðastofnunar að ráðstafa honum með föstum langtímasamningum.

„Þetta er miklu heilladrýgra fyrir samfélögin þar sem fyrirtækin starfa sem fá slíka samninga. Það segir bæði reynsla okkar hjá Íslandssögu og annarra sem hafa gert hliðstæða samninga við Byggðastofnun. Það er ekkert kvótabrask í þessu heldur snýst þetta einfaldlega um að fá sem mest út úr kvótanum fyrir samfélögin.“

#### Strandveiðin mjög mikilvæg

Sá afli sem Íslandssaga hefur fengið af strandveiðiflotanum yfir sumartímann er sem nemur um einum og hálfum mánuði í fullri vinnslu hjá fyrirtækinu. Strandveiðitímabilið er því rekstrinum mjög mikilvægt.

„Lenging strandveiðitímans og aukinn hlutur strandveiðanna myndi vitanlega skipta okkar fyrirtæki mjög miklu máli. Við erum að fá gott hráefni af strandveiðibátunum til vinnslu og sú mýta sem oft er haldið á lofti að gæði afla strandveiðibátanna séu ekki nægjanleg á ekki við rök að styðjast. Þetta er bara flott hráefni sem strandveiðibátarnir eru að skila til okkar,“ segir Óðinn.

#### Hefja nýtt ár með nýrri vinnslulínu

Íslandssaga hefur á sömu hendi bæði veiðar og vinnslu sem Óðinn segir lyklatríði í því að ná sem bestum árangri. Honum hugnast ekki sú umræða að skilja verði á milli veiða og vinnslu með stjórnvaldsboði, líkt og oft bregður fyrir í stjórn málaumræðunni. »



■ Hrefna ÍS, bátur Flugöldu ehf., leggur að bryggju á Suðureyri.



# GLEÐILEGA HÁTÍÐ

## RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

óskar félögum sínum og landsmönnum öllum

## GLEÐILEGRA JÓLA

## OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI

### RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS Í 50 ÁR

Félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands hafa alltaf verið í fararbroddi í þekkingu á raf- og tæknibúnaði og notkun hans.

Tryggjum öryggi og skiptum við fagmenn.

### Daglegar fréttir

af íslenskum sjávarútvegi

[audlindin.is](http://audlindin.is)

**AUÐLINDIN**

Auglýsingasími 898 8022  
inga@ritform.is



AÐILDARFÉLÖG RAFIDNAÐARSAMBANDSINS





■ Línubáturinn Einar Guðnason ÍS er eini bátur útgerðarfélagssins Norðureyrar ehf. sem er jafnframt eigandi Íslandssögu. Báturinn fiskaði um 2.400 tonn á síðasta fiskveiðidári.



■ Þórður Sigurvínsson, útgerðarmaður og eigandi Flugöldu ehf. á Flateyri hefur lagt upp afla hjá Íslandssögu undanfarin ár.

„Ef nást á árangur í bæði útgerðinni og fiskvinnslunni þá þurfa þessir þættir að vinna saman. Til að geta gert út skip þarf nægar aflaheimildir og til fiskvinnsla geti gengið þarf nægjanlega mikið af tryggu hráefni. Í mínum huga er þetta mjög skýrt og þetta vita allir. Í okkar tilfelli hefur til að mynda aldrei verið greiddur út arður á öllum þessum 25 árum, enda höfum við stundum tapað öllu eigin fé en alltaf náð að halda áfram. En þegar betur hefur gengið þá höfum við lagt ávinninginn í uppbyggingu á vinnslunni eða bátnum. Og einmitt núna, í tilfni af afmælisárinu og nýjum samningi við Byggðastofnun, var ákveðið að setja upp nýja vinnslulínu í húsinu okkar. Þetta er önnur uppfærsla okkar á

vinnslunni á fjórum árum en núna vorum við að kaupa tíu mánaða gamla Marel vinnslulínu frá Stakkavík í Grindavík. Síðasti vinnsludagur verður 20. desember og fyrsti vinnsludagur með nýju línunni er áformaður 6. janúar. Þar með verðum við komin með vinnslu í Íslandssögu sem er á pari við það besta í fiskvinnslu í dag, flokkurum, vatnsskurði í bita og öðru slíku. Í þessa fjárfestingu hefðum við ekki lagt nema vegna þess fyrirsjáanleika sem fastur samningur um byggðakvótann færir okkur. Þetta styrkir bæði starfsemi okkar og störfin hér á Suðureyri enda erum við stærsti vinnuveitandi hér á staðnum,“ segir Óðinn.

**Vinna bæði í ferskt og frosið**

Aðal fisktegundir Íslandssögu eru þorskur, ýsa og steinbítur.

„Frá því fyrirtækið var stofnað höfum við framleitt á Ameríku-markað, í byrjun fyrir Icelandic en núna fyrir Highliner. Þetta hefur verið grunnurinn í frosnu afurðunum. Meirihluti okkar framleiðslu er hins vegar ferskur fiskur sem fer á markað í Bandaríkjunum, Bretlandi og á meginlandi Evrópu. Magnið á hvert markaðssvæði getur aðeins færst til eftir aðstæðum en þetta er í meginráttum sama uppbyggingin frá ári til árs,“ segir Óðinn.

**Veiðigjöldin rífa verulega í**

Að lokum er Óðinn spurður hvers hann óskaði sér helst í breytingum á rekstrar- og starfs-

hverfi Íslandssögu og annarra hliðstæðra sjávarútvegsfyrirtækja.

„Númer eitt er það okkar skoðun að almennur byggðakvóti ætti að vera með sama fyrirkomulagi og er hjá Byggðastofnun, þ.e. í föstum samningum. Það skilar byggðarlögunum langmestum ávinningi og má bara í því samhengi horfa til íbúapróunar hér á Suðureyri á undanförunum árum þar sem hefur heldur fjölgað íbúum og það þökkum við stöðugu atvinnulífi,“ svarar Óðinn í þessu samhengi berst talið að veiðileyfagjöldum og hugmyndum um að þau skuli hækka verulega.

„Almennt séð trúi ég því að fólk sé skynsamt og hef ekki ástæðu til að ætla annað en stjórnámálmenn horfi af skyn-

semi á veiðileyfagjöldin eins og annað. Ég trúi því að þegar fólk er búið að fara yfir stöðuna þá muni það sjá að fyrirkomulag veiðigjalda er í þokkalegu horfi. Það breytir því ekki að mér finnst þau alltof há í dag og hjá okkur er þetta einfaldlega langdýrasti starfsmaðurinn um borð í bátnum okkar, svo einfalt er það. Ef yfirlýsingar um stórhækkun veiðigjalda ganga eftir þá fer sá litli afgangur sem er af rekstrinum í dag. Með öðrum væri þá útilokað fyrir okkur að fjárfesta í t.d. vinnslulínu og styrkja þannig reksturinn til framtíðar eins og við erum að gera. Þess vegna segi ég að stjórnámálmenn hljóta að kynna sér málin ofan í kjölinn áður en þeir hrinda hugmyndum um stórhækkun veiðigjalda í framkvæmd.“



# MARÁS

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ  
[www.maras.is](http://www.maras.is) / [www.faj.is](http://www.faj.is)  
 S:555 6444 / 552 2111



## FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.



**FYRIR SJÁVARÚTVEGINN**





















Siglinga og fiskileitartæki



















**Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra jóla- og nýárskveðjur með ósk um gæfuríkt nýtt ár.**

## Þorskveiðar skila 45% hærra veiðigjaldi í ár

Loðnubrestur á síðasta vetri hefur gert að verkum að veiðigjöld á fyrstu 10 mánuðum ársins eru lægri en á sama tímabili 2023. Það segir þó ekki alla söguna því aðeins munar 2% milli ára og ef loðnuveiðar eru undanskildar hafa veiðigjöldin aukist um 23% milli ára 2023 og 2024.

Í samantekt Samtaka fyrir-tækja í sjávarútvegi um veiðigjöld segir að á fyrstu tíu mánuðum yfirstandandi árs hafi íslenskar útgerðir greitt 8.539 milljónir króna í veiðigjald. Alls greiddu útgerðir 1.784 milljónir vegna veiða á loðnu á síðasta ári en engar veiðar voru í ár.

„Að vanda hafa þorskveiðar skilað hæstri fjárhæðinni í veiðigjald á fyrstu tíu mánuðum ársins, eða sem nemur 4.748 milljónum króna. Það er rúmlega 45% hærra fjárhæð en veiðar á þorski skiluðu á sama tíma í fyrra. Það má að stærstum hluta rekja til þess að upphæð veiðigjaldsins á hvert kíló af þorski er mun hærra í ár en hún var í fyrra, eða 26,66 krónur á móti 19,17 krónum. Þar að auki var þorskafliinn rúmlega 4% meiri á fyrstu tíu mánuðunum í ár en á sama tímabili í fyrra. Veiðar á ýsu hafa svo skilað næsthæstri fjárhæðinni í veiðigjald, eða sem nemur 1.545 milljónum króna. Það má jafnframt hvort tveggja rekja til þess að um fimmtungi meira af afla hefur verið landað af ýsu í ár en í fyrra og krónutala veiðigjaldsins í ár er hærra en í fyrra, eða 22,28 krónur á móti 19,82 krónum. Veiðar á kolmunna verma svo þriðja sætið en þær hafa skilað um 898 milljónum króna í veiðigjald, sem er um þriðjungum hærra fjárhæð en í fyrra. Þar er jafnframt saman sagan; greiða þarf 3,20 krónur fyrir hvert kíló af kolmunna í ár samanborið við 2,49 krónur í fyrra og kolmunnaafliinn er um 3% meiri.“



■ Á fyrstu 10 mánuðum ársins greiddu útgerðirnar 8,5 milljarða í veiðigjöld, nánast jafn mikið og árið 2023 þrátt fyrir að engin loðna hafi veiðst í ár.

Mynd: Þorgeir Baldursson

# Minnsta mál í appinu

Náðu þér í N1 appið í hvaða snjallsíma sem er!



Skannaðu kóðann og náðu í N1 appið.

**Daglegar fréttir**

af íslenskum sjávarútvegi

audlindin.is

**AUÐLINDIN**

Auglýsingasími 898 8022  
inga@ritform.is





■ Nýjasta afurð Bruggsmiðjunnar Kalda sem heitir því skemmtilega nafni Litlu jól.

# Jólafrjölsskyldan stækkar enn hjá Kalda

„Litlu jól er nýjasta afurð okkar og hefur fengið glimrandi viðtökur hjá viðskiptavinum. Jólafrjölsskyldan okkar hefur því stækkað og í heild erum við nú komin með 13 vörutegundir í okkar framleiðslu, áfengan og óáfengan bjór í bæði flöskum og dósunum,“ segir Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bruggsmiðjunnar Kalda á Árskógssandi

## Veruleg söluaukning í nóvember

Líkt og jafnan áður fór bjór í sölu Vínbúðanna í byrjun nóvember og segir Agnes að sala á Litlu jólum og öðrum framleiðsluvörum fyrirtækisins hafi verið mikil. „Í samanburði við nóvember í fyrra var salan á jólabjór okkar rösklega 30% meiri í nóvember í ár. Af reynslunni vitum við að þegar einhverjir viðburðir eru og mikið um mannabót, líkt og í ár tengt kosningunum, þá eykst alltaf salan og við biðum því spennu að sjá hvernig desembermánuður kemur úr. En okkar viðskiptavinir hafa tekið Litlu jólum fagnandi,“ segir Agnes en þarna segir hún um að ræða léttan jólabjór, 4,4% að styrkleika en fyrir í jólalínu Kalda eru Jóla-Kaldi og Súkkulaði Porter. „Við finnum að hópur viðskiptavina sækist eftir léttari bjórum og með Litlu jólum erum við að mæta þeirri eftirspurn.“

## Stöðug nýsköpun

Bruggsmiðjan Kalda hefur fyrir löngu markað sér sess í íslenski bjórmenningu enda fyrsta handverksbrugghúsið á Íslandi þegar fyrirtækið hóf starfsemi árið 2006. Fljótlega hóf fyrirtækið að þróa árs-tíðabundna bjóra í framleiðslu sinni, t.d. jólabjór og þorrabjór. Agnes segist þakklát fyrir þá stöðu sem jólabjór og aðrar framleiðsluvörur fyrirtækisins hafi haft á markaði hér á landi frá upphafi. Til að mæta aukinni eftirspurn á þessum 18



■ Bruggsmiðjan Kalda framleiðir nú 13 vörutegundir. Þar af eru þessar tegundir jólabjóra sem njóta mikilla vinsælda.

árum hefur fyrirtækið oftast en einu sinni aukið framleiðslugetu sína en nú starfa að jafnaði 12-15 manns hjá Bruggsmiðjunni Kalda.

„Við erum stöðugt að huga að nýsköpun, líkt og Litlu jól er gott dæmi um. Við komum einnig til með að vera með nýjung í þorrabjórnum sem við erum að hefja framleiðslu á nú um áramótin og sömuleiðis höfum við á allra síðustu árum verið að auka fjölbreytni hvað umfúðir varðar og erum þannig með framleiðslu á bæði dósunum og flöskum. Sumar tegundir erum við eingöngu með á dósunum en aðrar

á bæði flöskum og dósunum. Dósirnar njóta augljóslega vinsælda en flöskubjórinn er eftir sem áður eftirsóttur hjá ákveðnum hópi viðskiptavina,“ segir Agnes.

## Hvetja veitingahús til að slást í hópinn

Lang stærsti hluti framleiðslu Bruggsmiðjunnar Kalda er seldur í gegnum Vínbúðirnar en einnig eru netverslanir vaxandi hópur viðskiptavina. Þá er einnig talsvert um að viðskiptavinir heimsæki verksmiðjuna á Árskógssandi og kaupi Kalda beint af framleiðendunum.

„Það sem við viljum leggja aukna

áherslu á er að fjölga veitingastöðum sem bjóða okkar vöru til þeirra viðskiptavina. Ég vil því nota tækifærið og hvetja veitingastaðaeigendur til að kynna sér það sem við höfum að bjóða í þjónustu og vörum, mikið úrval af bjór í dósunum, á flöskum og á kútum fyrir dælur. Við vitum líka af reynslunni að ferðamenn hafa mikinn áhuga á að kynna svona vöru frá hérlandi handverksbrugghúsi. Okkar vörur eiga því mikið erindi á veitingahúsa-markaðinn,“ segir Agnes Sigurðardóttir.

bruggsmiðjan.is



[velfag.com](http://velfag.com)

## *Vélfag sendir ykkur hugheilar jóla- og nýjárskveðjur*

Við þökkum fyrir viðskiptin og samfylgdina á árinu og hlökkum til að vinna að spennandi nýjungum á 30 ára afmælisári Vélfags á næsta ári

effekt.is



■ Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri hjá Austurbrú tekur við starfi sveitarstjóra Múlaþings á nýju ári.

# Á Austurlandi eru óþrjótandi tækifæri

Dagmar Ýr Stefánsdóttir tekur á nýju ári við starfi sveitarstjóra Múlaþings

„Við tölum oft um að á Austurlandi séu óþrjótandi tækifæri. Hér er næga vinnu að hafa en við höfum samt mikinn áhuga á að fá inn fjölbreyttari störf til að laða fleira fólk að svæðinu. Allir vita að staðan á landsbyggðunum er krefjandi og við erum í samkeppni um fólk, ekki bara við höfuðborgarsvæðið heldur líka við önnur lönd því í dag er fólk orðið svo opið fyrir því að búa og starfa viðs vegar um heiminn,” segir Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri hjá Austurbrú en hún tekur við starfi sveitarstjóra Múlaþings á nýju ári. Hún býr á Egilsstöðum með fjölskyldu sinni, eiginmanni og tveimur sonum, Guðmundi Hinrik Gústavsson, Hinrik Nóa, 14 ára og Óliver Ara 8 ára.

## Uppalín í Jökuldal

Dagmar Ýr ólst upp á bænum Merki í Jökuldal þar sem foreldrar hennar, Stefán Ólason og Sólrún Hauksdóttir stunda enn sauðfjárbúskap. Eftir stúdentspróf við Menntaskólann á Egilsstöðum lá leið

hennar í Háskólann á Akureyri þar sem hún stundaði nám í fjölmiðlafræði. Eftir útskrift þaðan starfaði Dagmar við fréttu- og dagskrárgerð á sjónvarpsstöðinni N4 á Akureyri og tók síðar við starfi markaðs- og kynningarfulltrúa Háskólans á Akureyri þar sem hún starfaði í fimm góð ár.

„Þá fóru heimahagarnir að toga í mig, við fundum svo vel fyrir því að allt fólkið okkar var viðs fjarri. Ninni, eins og maðurinn minn er alltaf kallaður, er frá Grundarfirði og ég að austan þannig að við höfðum enga fjölskyldu á Akureyri sem var erfitt þegar vantaði pössun,” segir hún.

Þegar hún sá auglýst starf upplýsinga-fulltrúa hjá Alcoa Fjarðaráli ákvað hún að sækja um og fékk stöðuna. Fjölskyldan settist að á Egilsstöðum þar sem öllum líður vel. Ninni fékk einnig vinnu hjá Alcoa, í steypuskálanum þar sem hann starfar nú sem leiðtogi á einni vaktinni.

**Jafnast á við nokkrar meistaragráður**  
„Ég starfaði í 10 ára hjá Alcoa og öðlaðist

þar mikla reynsla, á við margar meistara-gráður. Að vinna hjá stóru alþjóðlegu fyrirtæki var oft heilmikil áskorun m.a. vegna menningarmunar sem óhjákvæmlega kemur upp við slíkar aðstæður. En starfið var jafnframt áhugavert, krefjandi og skemmtilegt. Það var ómetanlegt að fá tækifæri til að kynnast og læra af fólki út um allan heim. Alcoa er stærsti vinnustaðurinn á Austurlandi og ég kynntist fólki viðs vegar að úr fjórðungnum og eignaðist vini til lífstíðar,” segir hún.

## Markmiðið að efla Austurland

Dagmar færði sig um set í fyrra og tók við starfi framkvæmdastjóra Austurbrúar og fljótlega eftir áramót, í febrúar næstkomandi tekur hún við starfi sveitarstjóra í Múlaþingi. „Ég er afar spennt fyrir því,” segir hún.

„Það verður erfitt að segja skilið við Austurbrú sem er afskaplega skemmtilegur vinnustaður. Við höfum unnið að mörgum skemmtilegum verkefnum sem

öll hafa að markmiði að efla Austurland enn frekar, tryggja að fólk vilji búa, fjárfesta og ferðast um fjórðunginn,” segir hún.

Austurbrú starfar eftir markmiðum Svæðisskipulags Austurlands en öll sveitarfélög á Austurlandi hafa með því skapað sameiginlega sýn fyrir fjórðunginn sem gildir til ársins 2044. „Ég hlakka til að halda áfram að uppfylla þessi markmið í nýju starfi sem sveitarstjóri,” segir hún en Múlaþing er öflugt sveitarfélag sett saman úr ólíkum kjörnum sem hver og einn hefur sína sérstöðu.

## Vinum öll að sama markmiði

„Ég er sjálf af Héraðinu, búsett þar og þekki mig best þar en hlakka mikið til að kynna mér betur það sem helst brennur á íbúum Djúpavogs, Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar. Múlaþing spannar ótrúlega stórt landsvæði allt frá hálandinu til stranda, þannig að við erum með blómlega dali og sveitir og gamalgróin »



# Við látum allt snúast um jólin

Við sendum öllum landsmönnum óskir um gleðilega hátíð.  
Megi gangverk jólanna vera taktfast og framleiða óstöðvandi  
hamingju og frið á heimilum og vinnustöðum um allt land.



sjávarpláss innanborðs. Mér finnst það spennandi aðstæður að vinna með en það er alveg ljóst að þrátt fyrir að aðstæður sem fólk býr við séu ólíkar vinnum við öll að sama markmiði sem er að tryggja að börnin okkar sjái framtíð sína hér og að við skilum svæðinu til þeirra enn betra og öflugra en við tókum við því. Það verður mitt stóra markmið þegar ég hef störf hjá Múlþingi,” segir Dagmar.

#### Fólkið er það sem gerir Austurland svo frábært

Austurland er sterkur landsfjórðungur, segir hún, og bendir á að þótt innan við 3% þjóðarinnar búi þar standi hann undir um fjórðungi vöruútflutningstekna landsins. „Við erum líka langt frá höfuðborginni og þurfum að vera sjálfum okkur næg. Það er skýringin á því að menningarlífið er öflugt og við bjóðum upp á fjölbreytt úrval verslana og veitingastaða. Það sem gerir Austurland svo frábært er fólkið sem þar býr. Það býr í því einhver kraftur, kannski af því við búum í miklu návígi við náttúruöflin sem stundum láta finna vel fyrir sér eða af því við höfum þurft að berjast fyrir framgangi okkar landshluta. Það verður að viðurkennast að oft er á brattann að sækja og við höfum beðið alltof lengi eftir innviðaupbyggingu sem við verðum að sjá raungerast til að Austurland haldi áfram að eflast,” segir Dagmar.

Tækifærin til að gera Austurland að einu atvinnusvæði séu til staðar með því að tengja það saman með göngum. Of margir fjallvegir skilji bæjarfélögin að til að af því geti orðið. „en því verður að breyta svo að atvinnulífið og samfélagið allt geti blómstrað enn frekar.”

#### Íbúðamarkaðurinn hindrun en jákvæðar breytingar

Dagmar nefnir að íbúðamarkaðurinn fyrir austan hafi verið talsverð hindrun í því að fá fleira fólk inn á svæðið en miklar breytingar hafi þó orðið á skömmum tíma í stærstu byggðakjörnum fjórðungsins. „Það vekur þá von í brjósti að málin séu að þróast í rétta átt. Vissulega kemur ævinlega hiksti í allar framkvæmdir þegar efnahagsmálin eru eins og þau hafa verið undanfarin ár, vaxta- og verðbólguumhverfið sem við höfum búið við hefur ekki hjálpað til.”

Sú fólksfjölgun sem verið hefur á Austurlandi á liðnum árum er fyrst og fremst til komin vegna nýrra íbúa af erlendum uppruna. „Okkur þykir mikilvægt að taka vel á móti því fólki sem hér vill búa og starfa. Sveitarfélögin hafa því beint sjónum í auknum mæli að þeim málaflökki. Sum þeirra hafa horft til þess að setja á fót fjölmenningsráð til að tryggja þátttöku íbúa af erlendum uppruna og að rödd þeirri heyrir í samfélaginu. Það er mikilvægt að við förum ekki á mis við þann mannauð sem býr í fólki af erlendum uppruna.”



■ Dagmar Ýr er upalin á Jökuldal og hefur mikil tengsl við sveitina. Hún segir Austurland sterkan landsfjórðung og bendir á að þótt innan við 3% þjóðarinnar búi þar standi hann undir um fjórðungi vöruútflutningstekna landsins.

## Aðfangadagur í sveitinni í ár

Dagmar er þessa dagana, líkt og aðrir landsmenn, að undirbúa jólahátíðina. „Hún verður með eilítið breyttu sniði hjá okkur að þessu sinni,” segir hún, en fjölskylduafaðirinn er á vakt á aðfangadagskvöld þannig að jólin verða öðruvísi en vant er. „Ég ætla upp í sveit með strákana mína til að halda jól með foreldrum mínum. Við tókum okkar árlega jólabað í Vök Baths sem er orðin föst hefð hjá okkur og brunum svo í sveitina,” segir hún en síðustu ár hafa foreldrar hennar komið í jólamatinn til þeirra. Hún hlakkar til að fara í fjárhúsin með pabba sínum á aðfangadag en langt er um liðið frá því hún gerði það síðast. „Pabbi velur alltaf extra góða heyrúllu fyrir kindurnar á aðfangadagskvöld svo þær fái líka að njóta. Þær eru líka á þessum árstíma í óða önn að fá í sig lömb þannig að það er oft ansi mikið stuð í húsunum,” segir hún.

#### Saknar jólakortanna

Á jóladagsmorgun er stefnt að því að eiga notalega stund heima við á Egilsstöðum og fjölskyldan opnar jólapakkana yfir veglegum jóladögurði áður en eiginmaðurinn heldur á kvöldvakt í álverinu. „Jólin snúast mjög mikið um hefðir en ég held að við höfum gott af því stundum að breyta til,” segir Dagmar sem heldur þó fast í þá hefð að senda jólakort þótt slíkt sé á hröðu undanhaldi meðal landsmanna.

„Mér þykir afskaplega leiðinlegt hve margir eru hættir að senda kort. Það er mín uppáhalds stund um jólin, að koma mér vel fyrir með eftirréttinn og lesa kort frá vinum og



■ Fjölskyldan. Dagmar Ýr, eiginmaðurinn Guðmundur Hinrik Gústavsson og synirnir Hinrik Nói og Óliver Ari.

vandamönnum, skoða myndir sem gjarnan eru sendar og fylgjast með stækkandi fjölskyldum. Því miður fækkar kortunum ár frá ári,” segir hún og bætir við að í ár sendi hún óvenju mörg jólakort. Frumburðurinn fermdist á árinu og þá þarf að senda út mynd af piltinum á jólakorti ársins og gæta þess vel að allar frænkur og frændur líka fái sitt kort.

*Gledilega hátíð*

*Merry Christmas Gledileg Jól Feliz Navidad God Jul Frohe Weihnachten*

**HAMPIÐJAN**

*Óskum landsmönnum  
gleðilegra jóla og  
farsældar á árinu 2025*



# SLÖNGUR OG TENGI BÚNAÐUR Í FISKELDI

Hydroscand er með mikið úrval af slöngum og tengi fyrir fiskeldi. Við rekum meira en 240 verslanir og slönguviðgerðarverkstæði um allan heim og erum til staðar í 20 löndum.



# Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



**ÆGIR**

**FRYSTIKERFI**  
RÁDGJÖF EHF  
Sími 5771444 – WWW.FRYSTIKERFI.IS



Vinnslustöðin  
Vestmannaeyjum **VSV**



**SÓNAR**  
HEILDARLAUSN  
Í SIGLINGATÆKJUM



**AUÐLINDIN**



**RAFTÍÐNI EHF**

Sími 552 8710 raftidni@raftidni.is  
rafvélaverkstæði - vindingar  
skipþjónusta - raftagnir - viðhald  
Grandagarður 16 - 101 Reykjavík

**JAKOB VALGEIR EHF**

**atlantic**



**BEITIR**  
EHF

**Hvalur hf.**  
Reykjavíkurvegi 48  
220 Hafnarfjörður



Holda  
KALKÚNN

REYKJABÚIÐ

- SÍÐAN 1947 -

Íslenskur kalkúnn  
í veisluna



# Kalkúnn á ýmsa vegu



## Heilreykt kalkúnabringa með appelsínusósu

### Hráefni

2-3 kg heilreykt kalkúnabringa með beini  
2 dl hvítvín eða mysu  
5 dl vatn  
1/2 tsk. kóríanderfræ  
1/2 tsk. rósmarín  
1 msk. appelsínumarmelaði  
1-2 msk. appelsínubykki eða 1 dl appelsínusafi  
1 msk. appelsínubörkur, skorinn í strimla  
1/2 tsk. nýmalaður hvítur pipar  
sósujafnari  
40 g kalt smjör

### Hjúpur

3 msk. appelsínumarmelaði  
1/2 msk. grænn pipar  
1 msk. appelsínubörkur, skorinn í strimla  
1 msk. fersk kóríanderblöð, söxuð (má sleppa)  
1 msk. dijonsinnep

### Matreiðsla

Setjið allt sem tilheyrir bringunni í pott nema sósujafnara og smjör. Sjóðið við vægan hita í eina til eina og hálf klukkustund eða þar til kjöthitamælir sýnir 71°C.

Takið bringuna úr pottinum og setjið í eldfast mót. Blandið öllum hráefnunum í hjúpinn saman, þekið bringuna með honum og bakið í 190°C heitum ofni í u.þ.b. 10 mín.

Á meðan bringan er í ofninum er soðið þykkt með sósujafnara og potturinn síðan tekinn af hellunni. Bætið smjörinu í sósuna og hrærið í með þeytara þangað til smjórið hefur bráðnað. Eftir það má sósan ekki sjóða.

Borið fram með blönduðu grænmeti og kartöflugratini. Réttinn má bera fram kaldan með heitri sósu. Ef hjúpurinn lekur af bringunum er hann settur aftur yfir þær áður en rétturinn er borinn fram.



## Kalkúnn cordon bleu

### Hráefni

4 stk. kalkúnasnitset, u.þ.b. 150 g hvert  
4 skinkusneiðar  
100 g kastalaostur, skorinn í 4 bita  
1 egg  
1 dl mjólk  
1 dl hveiti  
2 dl rasp  
salt og pipar eftir smekk

### Matreiðsla

Leggið skinkusneiðarnar á kalkúnasnitsetið, síðan ostinn á skinkuna og brjótið sneiðarnar saman. Setjið hveitið á disk ásamt kryddi. Þeytið egg og mjólk saman í skál og setjið raspið á annan disk. Veltið kjötinu fyrst upp úr hveiti, síðan eggjablöndunni og síðast raspinu. Gott er að velta því svo aftur upp úr eggjablöndunni og raspi. Þönnusteikið í olíu á meðalheitri pönnu þangað til raspið fær fallegan lit eða í u.þ.b. 1-2 mín. á hvorri hlið. Setjið sneiðarnar síðan í 180°C heitan ofni í u.þ.b. 5 mín.

Borið fram með þönnusteiktum kartöflum og blönduðu grænmeti. Rétturinn einn og sér er það góður að sósa er ekki nauðsynleg.



## Kalkúnabollar

### Hráefni

500 g kalkúnahakk  
1 stór laukur, saxaður smátt  
2-3 gulrætur, rifnar fínt  
6-10 sólþurrkaðir tómatar, saxaðir smátt  
2 lítil egg eða 1 stórt  
um 1 dl mjólk  
1 búnt steinselja, söxuð  
10-15 teningar af fetaosti (smekksatriði hvort þeir eru í olíu eða ekki)  
um 2 dl hveiti og rasp  
hvítlaukssalt og pipar (eða annað krydd eftir smekk)

### Matreiðsla

Hrærið öllu saman nema fetaosti og steinselju. Farsið er fremur lint. Látið jafna sig í ís-skáp í klukkutíma.

Merjið fetaostinn með gaffli og hrærið saman við hakkið ásamt söxuðu steinseljunni.

Setjið smávegis af hveiti í skál og rasp og hveiti í aðra skál. Formið bollurnar með hveiti á höndunum og rúllið upp úr raspi eða rasp- og hveitiblöndu. Þær eru mjúkar, en detta ekki í sundur.

Steikið á pönnu í smjóri nokkrar mínútur (fer eftir stærð) á öllum hliðum. Einnig má raða bollunum á bökunarpappír í eldfast fat og steikja í ofni við 180°C þar til þær eru steiktar í gegn. Þá er valfrjálst hvort rúllað er upp úr hveiti og raspi.

Berið fram t.d. með grænmeti, salati, pasta eða kartöflum.



## Kalkúnavængir tikkamasala

### Hráefni

8 ferskir kalkúnavængir (einnig má nota upplæri eða leggi)  
1/2 dl olía  
salt og pipar  
8 msk. tikkamasala karrímauk (fæst í helstu stórmörkuðum)

### Matreiðsla

Penslið vængina með olíu og kryddið með salti og pipar. Steikið í 170°C heitum ofni í 60 mín. Takið þá vængina úr ofninum og penslið með tikkamasala-maukinu.

Hækkið hitann á ofninum í 200°C og bakið í u.þ.b. 10 mín.

Berið fram með hrisgrjónum og salati.

Fleiri kalkúna- og kjúklingauppskriftir er að finna á [isfugl.is](http://isfugl.is) og [kalkunn.is](http://kalkunn.is)






Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári




Fiskilyftur



Úrsláttarvél



Hringbönd í lestar




Blæðingarkör




Fiski- og lifradælur




Aðgerðarbönd



Brettastöflunarlausnir



Sjálfvirkar karalestar



Millidekk með sjálfvirkri flokkun

# Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri



NORDURÞING  
HAFNIR



**málning**

-það segir sig sjálf-



GRUNÐARFIJARÐARHÖFN



ÖLFUS

olfus@olfus.is  
thorlakshofn.is



BÚLANDSTINDUR

Fjallabyggð



Soffanías Cecilsson ehf.  
Útgerð - Fiskverkun



Vopnafjarðarhöfn



Slippurinn  
AKUREYRI



Faxaflóahafnir sf  
Associated  
Icelandic  
Ports



FISKTÆKNISKÓLINN  
ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES



Vélsmiðja  
Orms & Vígundar



Umbúða gerðin



RAFVERKTÁKI



GRINDAVÍKURHÖFN

**GPG**  
SEAFOOD ehf

**ÆGIR**

**MARKUS**  
LIFENET

# Loðnueldi lofar góðu

Vísindamenn á tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunar hafa í fyrsta sinn ræktað loðnu frá klaki til fullorðinsaldurs í eld-ismhverfi. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar voru loðnuhrogn frjónuguð um borð í uppsjávarskipinu Víkingi AK 100 og flutt þaðan í tilraunaeldisstöðina á Stað við Grindavík þar sem lirfurnar klöktust út 30 dögum síðar.

## Þorskeldi sem fyrirmynd

„Ræktun loðnulirfanna byggðist á eldisaðferðum sem hafa verið þróaðar í eldisstöðinni til eldis á þorski með góðum árangri. Við stöðugt hitastig (7°C) var vöxtur loðnunnar jafn og ör, og fyrstu loðnurnar náðu kynþroska aðeins ári frá klaki. Á öðru ári dró úr vexti, og loðnan náði hámarks lengd, 18,4 cm, á aðeins 2,6 árum, sem er umtalsvert skemmri tími en hjá villtri íslenski loðnu,“ segir í frétt Hafrannsóknastofnunar um tilraunaeldið og jafnframt að þessi rannsókn veiti mikilvæga innsýni í vaxtar- og líffræði loðnunnar.

## Tilraunum með loðnuna haldið áfram

Rannsóknin leggur grunn að frekari loðnurannsóknum í tilraunaumhverfi.

„Þrátt fyrir að loðnan sé afar viðkvæm fyrir meðhöndlun gerir

stuttur líftími hennar hana að efnilegu tilraunadýri. Frekari loðnurannsóknir eru nú í framkvæmd í tilraunaeldisstöðinni og búist er við að niðurstöður þeirra verði birtar á komandi árum.“



■ Í fyrsta sinn hefur tekist að rækta loðnu frá klaki til fullorðinsaldurs í tilraunaumhverfi. Þetta eru loðnulirfur 39 dögum eftir klak. Þrjár stærstu lirfurnar eru um það bil 21 mm að lengd en sú minnsta er 16 mm. Stærri lirfurnar nærast á saltvatnsrækju en þær minnstu lirfurnar á hjóldýrum.



# Gleðilega hátíð

VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

## Meiri velta á haustmánuðum

Samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands jókst velta í flestum af helstu atvinnugreinum landsins í september og október samanborið við sömu mánuði í fyrra. Mest var aukningin í fasteignastarfsemi, veitustarfsemi og byggingarstarfsemi auk tækni- og hugverkaiðnaðar. Vöxtur var hins vegar litill í ferðaþjónustu, lítill sjávarútvegi og samdráttur í sölu á vélknúnum ökutækjum. Í rúmlega helmingi atvinnugreina jókst velta umfram hækkun verðlags en vísitala neysluverðs hækkaði um 5,2% á tímabilinu.

Töluverður vöxtur var í fasteignastarfsemi og var heildarveltan 29 milljarðar króna sem var 14% meira en á sama tíma árið 2023. Meginþorri hækkunarinnar er rakinn til leigu atvinnuhúsnæðis en þó var einnig merkjanleg aukning í fasteignamiðlun og öðrum fasteignaviðskiptum. Þá var töluverður vöxtur í byggingarstarfsemi og tengdum greinum en velta í greininni jókst um rúmlega 9% á milli ára þar sem 11% vöxtur var í sérhæfðri byggingarstarfsemi og 9% í byggingu húsnæðis og þróun byggingarverkefna.





■ Tillagan sýnir þetta borgarbyggð í mannlegum skala í nálægð við afþreyingu, listir og vísindi. Kennileiti byggðarinnar verða meðal annars byggingar á borð við listaskála og skóla en byggingarnar eru í sterkum tengslum við náttúrusvæði og aðliggjandi byggð.



■ Á Keldum er afar skjólsælt á og hverfið er umlukið frábærum útivistarsvæðum.



■ Framtíðarsýn hönnuðanna: Menningargata með brugghúsi sem iðar af lífi!

# Spennandi Keldnaland í mótun

Innan fárra ára verður hafist handa um uppbyggingu Keldnaland en það er 117 hektara landsvæði í hjarta höfuðborgarsvæðisins. Keldnaland skiptist í annars vegar Keldur við Grafarvog og hins vegar Keldnaholt við Korpu. Allt þetta svæði hefur nú verið gróflaga skipulagt eftir að efnt var til alþjóðlegrar samkeppni. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði a.m.k. byggðar um 6.000 íbúðir og að þar verði fjölbreytt atvinnustarfsemi þar sem þúsundir munu starfa.

## Spennandi nútímahverfi

Yfirlýst markmið uppbyggingarinnar í Keldnalandi er að reisa spennandi nútímahverfi með blandaðri byggð íbúða og vinnustaða, sem byggir á vistvænum samgöngum og stuðla að kolefnishlutlausu borgarsamfélagi. Hverfið verður grænt og fjölbreytt og er það hannað út frá tilkomu Borgarlínu sem mun ganga eftir landinu endilöngu. Þrjár Borgarlínustöðvar verða í Keldnalandi og verður lögð áhersla á að þjónusta og atvinnustarfsemi byggist upp í kringum þær. Keldnaland er byggt upp í samvinnu Reykjavíkurborgar og Betri samgangna og er hluti af samgöngusáttmálanum. Allur ábati ríkisins af þróun og sölu Keldnaland mun renna til uppbyggingar samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

## Skipulagsferlið í gangi

Það var í upphafi árs 2023 sem Reykjavíkurborg og Betri samgöngur ohf. efndu til opinna, alþjóðlegrar samkeppni um þróun Keldnalandins. Samkeppnin var sett á laggirnar til að leita eftir vönduðum tillögum og þverfaglegu teymi til að koma að þeirri vinnu sem framundan er við gerð þróunaráætlunar svæðisins. Samkeppnin fór fram í tveimur þrepum og var viðhöfð nafnleyni í báðum þrepum. Alls bárust 36



■ Verðlaunatillega sænsku arkitektastofunnar FOJAB. Nú er unnið að nánari hugmyndum á grunni hennar. Myndir: FOJAB og Reykjavíkurborg.

tillögur um nýtt sjálfbært borgarhverfi á Keldum á fyrra þrepi og dómnefnd valdi fimm tillögur sem voru þróaðar áfram á öðru þrepi.

Vinningstillagan, Crafting Keldur, hlaut langflest stig af þeim fimm sem komust áfram. Að baki vinningstillögunni er sænska arkitektastofan FOJAB og var danska verkfræðistofan Ramboll í ráð-

gjafahlutverki. FOJAB er ein af fremstu arkitektastofum Svíþjóðar og er þekkt fyrir framsækna nálgun sína í borgarþróun og sjálfbærri hönnun. Stofan, sem var stofnuð árið 1971, hefur vaxið í að vera hópur um það bil 150 sérfræðinga með starfsemi í Malmö, Stokkhólmi, Gautaborg og Helsingborg.

Skipulagsvinna í Keldnalandi er nú í

fullum gangi á grundvelli vinningstillögu FOJAB arkitekta en sænska stofan og samstarfsaðilar eru ráðgjafar Reykjavíkurborgar og Betri samgangna um valda þætti er lúta að undirbúningi skipulagningar og endanlegrar hönnunar. Gert er ráð fyrir að þetta ferli standi út næsta ár og endanleg hönnun hverfisins verði kynnt í ársbyrjun 2026. »

# GA

## SMÍÐAJÁRN

- STERK Í STÁLINU -

**ÁRATUGA REYNSLA**  
AF INNFLUTNINGI OG SÖLU Á SVÖRTU STÁLI



**RYÐFRÍTT STÁL, ÁL & PLAST**  
ÖRT VAXANDI Á ÍSLENSKUM MARKAÐI



**MIKIÐ ÚRVAL AF EFNI Á LAGERUM OKKAR  
ÖFLUG SÉRPÖNTUNARÞJÓNUSTA  
VIÐ BYGGJUM Á TRAUSTUM GRUNNI**

*Óskum landsmönnum gleðilegra jóla  
og farsældar á árinu 2025*

**AFGREIÐSLUTÍMAR**  
Mán–Fim 8–17  
Fös 8–16

**ÍSHELLA 10**  
221 Hafnarfjörður  
Skrifstofa og lager  
568 6844

**RAUÐHELLA 2**  
221 Hafnarfjörður  
Sölumenn og lager  
568 6844

**ODDEYRARSKÁLI**  
600 Akureyri  
Söluskrifstofa  
568 6824

568 6844  
ga@ga.is  
www.ga.is



■ Stærsti hluti Keldnaland er í dag óbyggt svæði umhverfis Tilrauststöð Háskóla Íslands í meinafræði. Á Keldnaholti er Landbúnaðarháskóli Íslands með starfsemi.




■ Borgarlínustöð verður fyrir komið á torgi í miðju hverfisins. Við torgið er ýmis þjónusta og á torginu er miðstöð vísinda, sem er opin gestastofa í tengslum við háskólana á svæðinu.

### Skipting í þrjú hverfi

Tillaga sænsku sérfræðinganna, sem nú er verið að útfæra, gerir ráð fyrir að á Keldum og Keldnaholti risi nýr borgarhluti með þremur hverfum og að það verði tveir til þrjú grunnskólar, öll nærbjónusta auk auk almenns atvinnuhúsnæðis. Í tillöggunni er lögð áhersla á að „einfalt verði fyrir íbúa að lifa sjálfbæru og heilbrigðu hversdagslífi vegna nálægðar við vistvænar samgöngur, við náttúruna, græn svæði, hverfisgarða og torg.“

Markmið skipulagsins er að Keldnaland verði vel tengt borgarhverfi, skipulagt með vistvænar samgöngur og gott aðgengi að grænum svæðum að leiðarljósi. Í tillöggunni er gert ráð fyrir verndun votlendis og að unnið verði að því að leiða ofanvatn eftir lágpunktum um svæðið. Milli nýrrar byggðar og núverandi Grafarvogshverfa verður útivistarsvæði sem tengist núverandi útivistarsvæðum. Þau sem véla um útfærslu á skipulagshugmyndinni hafa lagt áherslu á að hugað verði vel að náttúruvernd og verndun menningarminja á svæðinu.

reykjavik.is



■ Byggingarklasar munu ráðast meðfram Borgarlínu sem liðast gegnum hverfið.

Við óskum þér og fjölskyldu þinni gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

**saeplast**

# Gledileg jól og heillaríkt komandi ár

Þökkum viðskiptin  
í gegnum ár og öld.



#### SLIPPFÉLAGIÐ

Skútvogi 2, Reykjavík, S: 588 8000

Fellsmúla, Reykjavík, S: 588 8000

Dalshrauni 11, Hafnarfirði, S: 588 8000

Hafnargötu 54, Reykjanesbæ, S: 421 2720

Austurvegi 58, Selfossi, S: 482 1250

Gleráreyrum 2, Akureyri, S: 461 2760

Opið:

**8-18** virka daga

**10-14** laugardaga

[slippfelagid.is](http://slippfelagid.is)



## SLIPPFÉLAGIÐ

# Traustur félagi yfir hátíðirnar

Skeljungur óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Skeljungur þakkar ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.